# [GREINARGERÐ - FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012]

## Efnisyfirlit


00 Tekjur samkvæmt tekjustofnalögum ....... 6

02-011 Skrifstofa Félagsmálastjóra ....... 7

02-011 Laun og launatengd gjöld ....... 7

02-011 Vörukaup og þjónustukaup ....... 7

02-111 Fjárhagsaðstoð ....... 7

02-112 Íbúða- og ráðgjafadeild ....... 7

02-115 Félagsleg heimaþjónusta ....... 7

02-118 Húsaleigubætur ....... 9

02-319 Barnavernd ....... 9

02-361 Vistun á stofnun/heimilum ....... 10

02-362 Áttan, uppeldisráðgjöf ....... 10

02-416 Framlög og styrkir ....... 11

02- 425 Laun ....... 12

02-426 Sambýli heilabilaðra Roðasölum 1 ....... 12

02-571 Tilsjón ....... 13

02-511 Þjónustudeild fatlaðra ....... 14

02-511-Framlög ýmis ....... 14

02-521 Frístundaheimili fyrir fatlaða nemendur. ....... 15

02-512- Þjónustudeild fatlaðra (yfirfært frá ríki) ....... 15

02-522 Skjólbraut ....... 16

02-523 Dimmuhvarf ....... 16

02-524 Hrauntunga ....... 17

02-525- Marbakkabraut ....... 17

02-526- Vallargerði ....... 18

02-535-Örvi ....... 18

02-537-Dalvegur ....... 18

02-538-Fannborg ....... 19

02-541- Dvöl ....... 19

02-544 Hörðukór ....... 20

02-551 Liðveisla ....... 20

02-552 Frekari liðveisla ....... 21

04 Fræðslusvið ....... 22

04-010 Skólanefnd ....... 22

04-011 Skólaskrifstofa ....... 22

04-012 Grunnskólar sameiginlegt ..... 22
04-015 Skrifstofa menntasviðs ..... 22
04-101 Skrifstofa leikskólafulltrúa ..... 22
04-111 – 135 Leikskólar ..... 23
04-XXX Leikskólar með þjónustusamning ..... 24
04-161 Einkaleikskólar ..... 25
04-171 Dagforeldrar ..... 25
04-211 – 222 Grunnskólar ..... 25
04-290 Námsleyfi kennara ..... 28
04-291 Sérdeild fyrir einhverf börn ..... 28
04-511 Tónlistarskólar ..... 28
04-512 Skólahljómsveit Kópavogs ..... 28
04-595 Waldorf ..... 28
04-598 Sérskóli Neðstatröð 6 ..... 28
05 Menningarmál ..... 29
05-211 Menningarmál, yfirstjórn ..... 29
05-211/212 Bókasafn Kópavogs, Lindasafn ..... 29
05-230 Safnahús sameiginlegt ..... 29
05-311 Héraðsskjalasafn ..... 30
05-351 Náttúrufræðistofa ..... 30
05-511 Listasafn Kópavogs- Gerðarsafn ..... 30
05-512 Kaffitería Listasafni Kópavogs- Gerðarsafn ..... 31
05-812 Menningar- og þróunarráð ..... 31
06 Íþróttamál, frístunda- og forvarnamál ..... 32
06-011 Skrifstofa íþróttamála ..... 32
06-012 Skrifstofa frístunda- og forvarnamála/forvarnarnefnd ..... 32
06-294 Tómstundastarf fatlaðra ..... 33
06-295 Siglingaklúbbur ..... 33
06-296 Leikja- og reiðnámskeið ..... 33
06-297 Leikjanámskeið Sköpun ..... 34
06-298 Smíðavellir ÍTK ..... 34
06–300 Félagsmiðstöðvar Frístunda- og forvarnadeildar ..... 34
06-410/411/412 Gjábakki, Gullsmári og Boðinn félagsheimili ..... 35
06-350 Menningarhús Ungmenna ..... 35

06-351 Hábraut 2 – Sameiginlegt, ungmennahús og tónlistarsafn ........ 36
06- 420 Frístundaheimili fyrir fatlaða nemendur ........ 36
06-ÍH Íþróttahús ........ 36
06- 511 Íþróttahús Kópavogsskóla ........ 36
06-512 Íþróttahús Kársnesskóla ........ 37
06-513 Íþróttahúsið Digranes ........ 37
06-515 Íþróttahús Snælandsskóla ........ 38
06-519 Íþróttahús Lindaskóla ........ 38
06-520 Íþróttahús Smárinn ........ 38
06-521 Íþróttahús Versölum ........ 39
06-522 Íþróttahúsið Fagrilundur ........ 39
06-551 Sundlaug Kópavogs ........ 39
06-552 Sundlaug Versölum ........ 40
06-590 Fífan Íþrótta- og sýningarhús ........ 41
06-591 Kórinn íþróttahús og knattspyrnuhöll ........ 42
06-612 Kópavogsvöllur ........ 42
06-613 Vallargerðisvöllur ........ 43
06-616 Fagrilundur ........ 43
06-617 Vellir Kór / Salir. ........ 43
06-619 Sparkvellir / Gervigras ........ 43
06-651 Skíðaskáli í Bláfjöllum ........ 43
06-711 17. júní ........ 44
06-712 Sumarhátíð ........ 44
06-713 Jól og Áramót ........ 44
06 -811 Ýmis félög – framlög og styrkir ........ 44
06-821 Ýmis íþróttafélög – framlög og styrkir ........ 44
06-831 Ýmis frjáls félög - framlög og styrkir ........ 45

**07 Brunamál og almannavarnir ........ 47**
**08 Hreinlætismál ........ 47**
**09 Skipulags og byggingarmál ........ 47**
**10 Umferðar- og samgöngumál ........ 48**
**11 Umhverfismál ........ 48**
**13 Atvinnumál ........ 48**
**21 Sameiginlegur kostnaður ........ 49**
**28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ........ 50**
**33 Áhaldahús ........ 51**

35 Tónlistarhús/Salurinn ........ 51
41 Kópavogshafnir ........ 51
43 Vatnsveita ........ 51
47 Fráveita ........ 51
57 Húsnæðisnefnd Kópavogs ........ 52
71 Byggingarsjóður MK ........ 52

## 00 Tekjur samkvæmt tekjustofnalögum

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við áætlun tekna samkvæmt tekjustofnalögum:

00-011 Útsvar

Við útreikning á útsvari er gengið út frá útkomuspá um skatttekjur ársins 2011 sem áætlað er að verði rúmir kr. 11,1 milljarðar.
Reiknað er með að laun hækki um 5,0% á milli ársmeðaltala, en launavísitalan í september 2011 hafði hækkað um 8,4% á 12 mánaða tímabili. Áætluð hækkun verður fyrst og fremst vegna ákvæða kjarasamninga.
Reiknað er með að fjölgun í Kópavogsbæ á milli ársmeðaltala verði 1,15% og er þessi tala notuð til að meta hvernig íbúafjölgun vigtar við mat á væntar tekjur ársins 2012.
Reiknað er með að atvinnuþátttaka verði heldur meiri en á árinu 2011 og að atvinnuleysi minnki aðeins frá 2011. Áætlað er að það verði að jafnaði álíka margir á atvinnuleysisskrá á árinu 2012 og voru á atvinnuleysisskrá í september 2011. Einnig er reiknað með að úttekt séreignasparnaðar lækki verulega frá árinu 2011.

00-016 Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir því að álagningarhlutfall fasteignaskatts verði óbreytt, eða 0,32% á íbúðarhús og 1,65% á atvinnuhúsnæði. Tekjuauki kemur til vegna fjölgunar eigna, hækkandi byggingastigs á byggingum sem hafa verið í smíðum og hækkunar á fasteignamati.

00-111 Jöfnunarsjóður

Gert er ráð smá hækkun á framlögum jöfnunarsjóðs í samræmi við gögn Jöfnunarsjóðs sem liggja fyrir í lok nóvember 2011. Upplýsingar um grunnskólaframlag var ekki komið frá Jöfnunarsjóði, þannig að gert er ráð fyrir að það verði óbreytt á milli ára.

00-335 Lóðaleiga

Lóðaleigan breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

# 02-011 Skrifstofa Félagsmálastjóra

## 02-011 Laun og launatengd gjöld

Hér er um níu starfsmenn að ræða skv. launaáætlun en eiga að vera 9,5. Rekstrardeild ásamt félagsmálastjóra og verkefnisstjóra. Stöðugildi lögfræðings færðist hingað inn frá barnavernd.

## 02-011 Vörukaup og þjónustukaup

Lögfræðikostnaður og ferðakostnaður er færður að hluta á undirdeildir eins og barnavernd til að staðsetja hann betur.

# 02-111 Fjárhagsaðstoð

**02-111-9111 Fjárhagsaðstoð**

Gert er ráð fyrir 6% hækkun grunnupphæðar (er nú 135.000.-) og að kostnaður vegna þriggja ára reglu atvinnuleysisbóta geti orðið ríflega 17 milljónir fyrir Kópavog. Hér er þó um afar óljósa stærð að ræað. Fjárhagsaðstoð er að stærstum hluta grunnaðstoð (80-85%), á kostnað heimildargreiðslna. Margir sækja um fjárhagsaðstoð vegna atvinnumissis þar sem fólk er sett á bið hjá Vinnumálastofnun.

**02-111-9116 Styrkir til líknarfélaga**

Gert er ráð fyrir óbreyttum framlögum til líknarfélaga.

**02-111-9117 Líkamsrækt fyrir atvinnulausa**

Þessi liður er óbreyttur frá 2011. Reiknað er með að árlegur kostnaður fari ekki yfir tvær milljónir.

## 02-112 Íbúða- og ráðgjafadeild

Í þessari deild eru ráðgjafar, ritari og aðstoðarmaður sem vinna að fjárhagsaðstoð og félagslegri ráðgjöf ásamt yfirmanni deildarinnar. Samtals 7,5 stöðugildi. Þrír starfsmenn færðir af lið 57, húsnæðisnefnd.

## 02-115 Félagsleg heimaþjónusta

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

**02-115-0253 Endurgreidd heimilishjálp**

Tekjur 8.000.000kr. Um helmingur þjónustuþega eru í svokölluðu 0 gjaldi en það er vegna þess hve fólk er tekjulágt. Þeim hefur fjölgað sem eru í þeim gjaldflokki en fækkað sem eru í hærri flokkum.

**02-115-0256 Seldur matur**

Um er að ræða heimsenda matarbakka til aldraðra í Kópavogi, sem koma frá Skútunni. Maturinn er sendur í heimahús og kostar hver skammtur 920 krónur, en

maturinn er seldur á kostnaðarverði. Gert ráð fyrir sölu á 45 skömmtum á dag alla daga ársins.

**Tekjur = 45*365*920 = 15.111.000.-**

**02-115-0290 Þjónustutekjur sundurliðaðar**

**Tekjur = 5.145.000.-**

Uppsett gjald fyrir heimsendan mat er kr. 350 pr. sendingu. Um er að ræða niðurgreiðslu en kostnaður vegna heimsendingar er kr. 532 á virkum dögum og 670 um helgar fyrir hverja sendingu.

**02-115-1110 Launakostnaður**

Svipaður og á síðasta ári, stöðugildum hefur verið haldið óbreyttum en ættingjaaðstoð hefur dregist saman. Inni í launakostnaði er 0,75% starfshlutfall aðstoðarmanns við böðun í dagdvöl Sunnuhlíðar.

**02-115-1703 Fæðispeningar**

Um er að ræða kjarasamningsbundnar greiðslur sem hver starfsmaður í 50% -100% starfi fær greiddar ( 7700). Fæðispeningar hækka á þriggja mánaðar fresti og eru áætlaðir á 35 starfsmenn án tillits til veikinda og annarra fjarvista úr vinnu, en tekið er tillit til sumarleyfis ( 1 mánuður).

**Útgjöld =7700*35*11=2.964.500**

**02-115-2111 Matvæli**

Útgjöld = 15.000.000

Um er að ræða kaup á matarbökkum frá Skútunni sem eru sendir heim til aldraðra. Hver skammtur kostar 920 krónur. Gert er ráð fyrir að kaupum á 45 skömmtum alla daga ársins.

**45*365*920 = 15.111.000.-**

**02-115-4923 Námskeiðs- og skólagjöld**

Gert er ráð fyrir aðkeypti vinnu vegna fræðslu/námskeiðs fyrir starfsmenn heimaþjónustu um efni sem tengist starfinu og styrkingu í starfi.

**Útgjöld = 70.000**

**02-115-4011 Sími**

Gjöld = 380.000 Allir starfsmenn heimaþjónustu fá símakort í síma sem eru í eigu Félagsþjónustunnar. Gert er ráð fyrir 1000 króna símkorti á mánuði fyrir 32 starfsmenn.

**1000*32*12 =384.000**

**02-115-4190 Akstur**

Gjöld = 9.200.000

Akstur með heimsendan mat til aldraðra. Verktaki (Skútan) sér um að keyra matinn heim að dyrum. Um er að ræða 1350 ferðir á mánuði (990 ferðum á virkum dögum og 360 ferðum um helgar/rauða daga). Ferð á virkum dögum kostar 532 og ferð um helgar kostar 670. Matur er keyrður heim alla daga ársins.

## 02-118 Húsaleigubætur

**02- 118 -9112 Húsaleigubætur**

Í áætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi hækkunum á almennum og sérstökum húsaleigubótum og að endurgreiðsluhlutföll verði nálægt 51,5% af almennum húsaleigubótum og 60% af sérstökum húsaleigubótum.

## 02-319 Barnavernd

**02- 319-1110 Mánaðarlaun**

**Samkvæmt áætlun hækkar launakostnaður um 10,25% á milli ára þrátt fyrir að fjöldi stöðugilda sé** óbreyttur. Um 6% má skýra með nýjum kjarasamningum en öðru leyti er skýringin vegna hækkunarinnar óþekkt. Líklegt er að launakostnaður vegna 2011 hafi verið vanmetinn en sú skýring er óstaðfest.

**02-319-1121 Yfirvinna**

Kostnaður vegna yfirvinnu hækkar um 23,33% á milli ára þrátt fyrir að fjöldi yfirvinnutíma sé sá sami og árið 2011. Þetta hefur ekki tekist að laga þrátt fyrir tilraunir til lagfæringa.
Starfsmenn hafa 30 yfirvinnutíma miðað við 100% stöðugildi.

**02-319-1792 Dagpeningar**

Dagpeningar eru greiddir vegna ferða starfsmanna á meðferðar- og fósturheimili á landsbyggðinni. Starfsmenn barnaverndar heimsækja börn sem eru í tímabundnu og varanlegu fóstri og sækja inntöku-, stöðu-, og útskriftarfundi meðferðarheimila.

Greitt er skv. kjarasamningum, annars vegar vegna ferða sem eru sex klst. eða lengri og hins vegar vegna ferða sem eru tíu klst. eða lengri. Áætlað er að 20 börn verði heimsótt í fósturvistun og 7 börn á meðferðarheimili. Samkvæmt endurskoðuðum barnaverndarlögum ber nú að heimsækja barn að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári á fósturheimili.
**4700X30+9400x14=272.600**

**02-319-4210 Ferðakostnaður**

Ferðakostnaður kemur til vegna heimsókna barnaverndarstarfsmanna til fósturbarna og til unglinga á meðferðarheimilum. Einnig er greiddur ferðakostnaður sérfræðinga í Barnahúsi þurfi börn í fóstri eða á meðferðarheimili á þjónustu þeirra að halda. Í ferðakostnaði felast flugfargjöld starfsmanna og leiga á bílaleigubílum.

Árið 2011 var þessi kostnaður ekki aðgreindur frá lið 02-319-4390. 550.000 krónur eru færðar af þeim lið og settar á ferðakostnað.

**02-319-4390 Önnur sérfræðiþjónusta**

Önnur sérfræðiþjónusta felur meðal annars í sér kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu sálfræðinga sem vinna mat á forsjárhæfni foreldra vegna barnaverndarmála og meta tengsl foreldra og barna. Einnig eru greidd sálfræðiviðtöl fyrir foreldra og börn sem og fjölskyldu- og listmeðferð. Túlkaþjónusta og handleiðsla starfsmanna barnaverndar fellur einnig undir þennan lið.

Hækkun er 2.500.000. Ástæðan er tilfærsla frá lið 02-361-9124.

## 02-361 Vistun á stofnun/heimilum

### 02-361-9121 Vistgjöld

Vistgjöld eru launagreiðslur til fósturforeldra sem eru með börn í tímabundnu eða varanlegu fóstri. Einnig falla hér undir greiðslur til stuðningsfjölskyldna sem börn fara til eina til tvær helgar í mánuði.
Þrátt fyrir að vistgjöld séu undir áætlun árið 2011 er áætlun haldið nánast eins þar sem nauðsynlegt er að skoða hvort þróunin sé í raun þannig að önnur úrræði barnaverndar dragi úr fósturvistunum eða hvort um breytileika á milli ára sé að ræða.
**500.000 króna lækkun er færð á lið 02-361-9122.**

### 02-361-9122 Sveitadvalir

Kostnaður við sveitardvalir er vegna launakostnaðar til vistforeldra sem bjóða upp á sumardvöl í sveit. Geti barn ekki nýtt sér „hefðbundin" sumarúrræði eins og leikjanámskeið og sumarbúðir og mikilvægt þykir af barnaverndarástæðum að barnið fari af heimili sínu tímabundið sækja starfsmenn barnaverndar um sveitadvöl í eina til fjórar vikur fyrir barnið. Börn eru einnig styrkt til að fara í sumarbúðardvöl.
**500.000 króna hækkun er færð af lið 02-361-9121.**

### 02-361-9123 Vistheimili

Vistheimili er rekið skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Vistheimilið tók formlega til starfa þann 1. október 2010 og starfaði allt árið 2011. Gerður hefur verið samningur við vistforeldra til 1. október 2012 en gert er ráð fyrir samningi allt árið.
Launagreiðslur eru 10X barnalífeyrir mánaðarlega. Auk þess er greitt fyrir hverja vistun barns.
**10X23.411X12= 2.809.320 + 23.411X3X12=3.652.116**

### 02-361-9124 Sérúrræði í barnaverndarmálum

Undir þennan lið falla meðal annars tómstundastyrkir til barna, greiðsla vegna daggæslu og leikskóladvalar, greiðslur vegna hádegisverðar í skóla og dægradvalar, fatastyrkir, ferðastyrkir til foreldra til að sækja fundi á meðferðarheimilum, styrkir vegna tannlæknakostnaðar, greiðslur vegna sjálfstyrkingarnámskeiða, uppeldisnámskeiða eða annarra námskeiða sem talið er þörf á að barn eða foreldri sæki.
**Af þessum lið flytjast 2.500.000 á lið 02-319-4390.**

## 02-362 Áttan, uppeldisráðgjöf

### 02-362-1110 Mánaðarlaun

Stöðugildi Áttunnar eru 0.5 stöðugildi forstöðumanns og 0.7 stöðugildi starfsmanns með háskólamenntun. Að auki færast mánaðarlaun fastra starfsmanna í tilsjón, deild 02-571-1110 yfir í Áttuna. Árið 2012 miðast launakostnaður Áttunnar því við 1.7 stöðugildi starfsmanna með háskólamenntun og 0.5 stöðugildi forstöðumanns.

### 02-362-1121 Yfirvinna

Gert er ráð fyrir 15 yfirvinnutímum starfsmanna miðað við fullt stöðugildi. Greiddir yfirvinnutímar til starfsmanna árið 2012 verða þannig alls 306.

Forstöðumaður er með 30 yfirvinnutíma miðað við 100% stöðugildi. Greiddir yfirvinnutímar til forstöðumanns árið 2012 verða þannig 180.

**02-362-2990 Önnur vörukaup**

Markmið Áttunnar, uppeldisráðgjöf er að veita foreldrum ráðgjöf og stuðning við uppeldi og umönnun barna sinna og styrkja þá í foreldrahlutverkinu. Áætlað er að starfsmenn Áttunnar veiti stuðning inn á heimili foreldra tvisvar í viku í um einn og hálfan til tvo tíma í senn, í minnst átta vikur.

Rekstrarkostnaði Áttunnar verður haldið eins og hann var í Unglingasmiðjunni en sem stendur er úrræðið ekki í því húsnæði sem lagt var upp með. Rekstarkostnaður verður að mestu nýttur þegar úrræðið hefur flutt úr Fannborg 6.

## 02-416 Framlög og styrkir

**02- 416-9117 Aðstoð við ellilífeyrisþega**

Undir þenna lið falla greiðslur vegna 1. áskriftar að öryggishnöppum sem eru í félagslegum leiguíbúðum fyrir aldraða á vegum bæjarins , 2. greiðslur vegna sundferða öryrkja ( ekki fyrir eldri borgara), 3. veiðigjald í Elliðavatn fyrir aldraða og 4. önnur aðkeypt þjónusta fyrir aldraða og öryrkja í formi heimaþjónustu og liðveislu. Uppgjör fer fram á milli öldrunarþjónustu og þjónustudeildar fatlaðra í lok hvers árs.

**02- 416-9191 Fargjöld ellilíf./öryrkja**

Hækkun er á framlagi bæjarins vegna fargjalda. Um er að ræða 1.150.000 á mánuði á ári.

**Útgjöld =1.150.000*12=13.800.000**

**02- 416-9194 Framlög ýmis**

Undir þennan lið koma

1. Reikningar vegna samnings við Heilsugæsluna á Höfuðborgarsvæðinu, en skv. samkomulagi frá 2008, þá greiðir Kópavogsbær fyrir 3 stöðugildi félagsliða er starfa undir stjórn heimahjúkrunar í Hamraborg og sinna félagslegum verkefnum , á daginn, kvöldin og um helgar. Um er að ræða samstarfsverkefni á milli aðila sem hefur skila sér í skilvirkari þjónustu til aldraðra Kópavogsbúa. Innifalið í mánaðargreiðslu er mánaðarlaun, greiðsla vegna bifreiðar og símaskostnaðar.

**Útgjöld =1.160.000*12=13.920.000**

**Í skoðun er að auka við stöðugildi félagsliða þar sem um er að ræða fjölgun á skjólstæðingum í heimahúsum sem þurfa á aðstoð að halda til að geta búið sem lengst heima. Myndi viðbótarstöðugildi kosta rúmar 4 millj. á ári.**

2. Milligreiðslur frá Kópavogsbæ til Hrafnistu vegna flutnings á dvalarheimilum Gullsmára og Skjólbraut í Boðaþing. Um er að ræða 9.167 kr. per skjólstæðing per dag. Í dag er verið að greiða fyrir 9 einstaklinga. Gjaldið tekur breytingum þann 1. jan

á næsta ári eins og önnur daggjöld ríkisins. Erfitt er að áætla hvort upphæð greiðslna taki breytingum, en slíkt gerist aðeins við andlát einstaklings eða vistunarmati hans sem er í dag dvalarrými er breytt yfir í hjúkrunarrými.

**Útgjöld= 9*9167*365=30.113.595 (sett í fjárhagsáætlun)**

**Útgjöld = 8*9167*365=26.767.640**

**Útgjöld= 7*9167*365=23.421.685**

**02-424 Roðasalir – rekstur húsnæðis**

Liðir í fjárhagsáætlun hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

**02-425 Roðasalir dagþjálfun**

Liðir í fjárhagsáætlun hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

## 02- 425 Laun

Í dagþjálfun eru 6,4 stöðugildi vegna þjónustu við 20 daggesti.

| launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Deildarstjóri | 1 | 1 |
| Sjúkraliðar | 2 | 1,9 |
| Matráður | 1 | 0,69 |
| Starfsmenn | 2 | 1,75 |
| Samtals | 6 | 6,4 |

Gert er ráð fyrir sumarafleysingu fyrir 4 starfsmenn í 4 mánuði.

**02- 425-1110 Mánaðarlaun**

Samkvæmt áætlun hækkar launakostnaður um 10,25% á milli ára þrátt fyrir að fjöldi stöðugilda sé óbreyttur. Um 6% má skýra með nýjum kjarasamningum en öðru leyti er skýringin vegna hækkunarinnar óþekkt. Líklegt er að launakostnaður vegna 2011 hafi verið vanmetinn en sú skýring er óstaðfest. Athuga þennan lið…hafa þá bara sömu skýringar.

**02- 425-4342 Aðkeypt þjónusta**

Undir þennan lið koma reikningar vegna læknisþjónustu frá Landakoti en samningur er um slíka þjónustu á milli Kópavogsbæjar og Landspítala Háskólasjúkrahúss. Um er að ræða 14% stöðu sérfræðings sem sinnir skjólstæðingum dagþjálfunar.

## 02-426 Sambýli heilabilaðra Roðasölum 1

Liðir í fjárhagsáætlun hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

**02- 426 Laun**

Stöðugildi haldast óbreytt frá því í fyrra. Á hjúkrunarheimili eru 12,92 stöðugildi vegna þjónustu við 11 heimilismenn. Laun forstöðumanns sem er í 1 stöðugildi bókast á 02-411.

| launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Deildarstjóri | 1 | 1 |
| Sjúkraliðar | 8 | 5,3 |
| Matráður | 1 | 1 |
| Starfsmenn | 8 | 4,62 |
| Samtals | 19 | 12,92 |

Gert er ráð fyrir sumarafleysingu fyrir 6 starfsmenn í 4 mánuði.

**02- 426-4342 Aðkeypt þjónusta**

Undir þennan lið koma reikningar vegna læknisþjónustu frá Landakoti en samningur er um slíka þjónustu á milli Kópavogsbæjar og Landspítala Háskólasjúkrahúss. Um er að ræða 14% stöðu sérfræðings sem sinnir skjólstæðingum hjúkrunarheimilis.

**02- 425-4351 Lækna og hjúkrunarþjónusta**

Undir þennan lið koma reikningar vegna ýmissa rannsókna og bráðaþjónustu, einnig vegna augnlækna og annarra sérfræðiþjónustu sem skjólstæðingar Roðasala þurfa á að halda.

## 02-571 Tilsjón

**02-571-1110 Mánaðarlaun**

Fast stöðugildi vegna tilsjónar er 1.0. Fast stöðugildi tilsjónar er fært undir lið 02-362 Áttan, uppeldisráðgjöf.

**02-571-1121 Yfirvinna**

Persónulegir ráðgjafar vinna í tímavinnu/yfirvinnu. Hlutverk persónulegra ráðgjafa er að draga úr félagslegri einangrun barna, örva og styrkja börn sem búa við vanrækslu, virkja börn á jákvæðan hátt í tómstundastarfi, útivist og öðru uppbyggjandi starfi. Persónulegir ráðgjafar aðstoða börn einnig við heimanám, fara á heimili tímabundið og aðstoða börn við að mæta á réttum tíma í skólann.

Einnig er ráðið starfsfólk í tímavinnu í tilsjón þegar úrræðið Áttan, uppeldisráðgjöf á ekki við eða til að fylgja eftir þeim markmiðum sem stefnt var að í Áttunni. Hlutverk tilsjónar er margþætt en stuðningurinn er veittur inn á heimilum fjölskyldna og felst í flestum tilvikum í uppeldisráðgjöf, skipulagningu og kennslu heimilisstarfa.

Við endurskoðun áætlunar árið 2011 var gerð 3.000.000 króna aukning. Farið er fram á að aukningin haldi sér og að 5760 tímar verði veittir í þennan stuðning. Stuðningur persónulegra ráðgjafa og tilsjónar eru afar mikilvæg úrræði sem eru notuð í mjög

stórum hluta barnaverndarmála og oft er stuðningurinn til langs tíma. Með markvissum stuðningi er markmiðið að draga úr vistunum barna utan heimilis.

**02-571-1702 Bifreiðahlunnindi**

Persónulegir ráðgjafar, starfsmenn tilsjónar og starfsmenn Áttunnar skila inn akstursdagbók mánaðarlega. Árið 2011 var heimild starfsmanna til aksturs lækkuð. Þrátt fyrir þær ráðstafanir þarf að gera ráð fyrir hækkun á liðnum fyrir árið 2012.

Fyrir hvern km eru greiddar 111 krónur. Áætlað er að kostnaður vegna notkunar eigin bifreiða verði 2.200.000 krónur.

**02-571-2990 Önnur vörukaup**

Persónulegir ráðgjafar, starfsmenn tilsjónar og starfsmenn Áttunnar skila inn nótum vegna þess kostnaðar sem þeir greiða í starfi sínu. Dæmi um kostnað er hráefniskostnaður vegna matargerðar með börnum, sundferðir, keila, aðgangur að söfnum og fleira.

Áætlun vegna þessa er hækkuð um 50.000, úr 350.000 í 400.000.

## 02-511 Þjónustudeild fatlaðra

**02-511-0291 Endurgreiðslur vegna ferðaþjónustu**

Kópavogsbær innheimtir ferðakostnað notaenda á árinu. Almennir notendur greiða helming af fargjaldi strætó sem er 175 kr. pr. ferð. Aldraðir greiða 1000 kr. á ferð og framhaldsskólanemar 20.000 kr. fyrir skólaárið. Áætlaðar endurgreiðslur er 8.300.000 kr. þegar tekið er mið af fjölda áætlaðra ferða á árinu.

**02-511-9121 Vistgjöld**

Um er að ræða stuðningsfjölskylduúrræði fyrir börn sem eiga við alvarlega hegðunarerfiðleika að etja (4. fl. umönnunarbóta). Miðað er við að allt að 13 börn nýti þessa þjónustu á árinu 2012 en árið 2011 nýttu 11 börn úrræðið þó ekki öll á ársgrundvelli Hvert barn hefur til þessa fengið úthlutað tveimur sólarhringum í mánuði, samtals 20.000 kr.-

Gert er ráð fyrir 13x20.000x12 = 3.000.000 kr.-  vegna þessa úrræðis en áfram verður sótt um styrk til ráðuneytisins vegna stuðnings við börn með ADHD.

**02-511-9193 Ferðaþjónusta fatlaðra**

Það sem af er árinu 2011 hafa 189 einstaklingar nýtt sér ferðaþjónustu fatlaðra, þar af eru 106 fatlaðir og 83 aldraðir. Miðað við núverandi reglur og nýtingu þarf að gera ráð fyrir svipaðri nýtingu eða um 29.200 ferðum ár ári auk 5% verðlagshækkana (47.700.000).

## 02-511-Framlög ýmis

Á undanförnum árum hefur Félagsmálaráð samþykkt styrkbeiðni vegna sumardvalar fatlaðra eða langveikra einstaklinga. Um er að ræða styrk frá foreldrafélagi Öskjuhlíðarskóla vegna sumarbúða að Laugalandi í Holtum, frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadals og Dropanum styrktarfélagi sykursjúkra vegna sumarbúða fyrir börn og ungmenni með sykursýki. Ef sveitarfélagið samþykkir að

greiða að hámarki 38.400 með hverju barni eins og verið hefur þarf að gera ráð fyrir ca. 340.000 kr. fyrir hvert félag eða um 1.000.000 kr.

Á undanförnum árum hefur verið í gildi samningur milli ríkis og sveitarfélaga um lengda viðveru fyrir nemendur í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutur sveitarfélagsins er 30% á móti 70% sem áður heyrði undir ríkið. Gert er ráð fyrir að fimm ungmenni úr Kópavogi nýti 4.5 pláss á næsta ári. Gert er ráð fyrir 5% hækkun milli ára og að plássið kosti 147.000 kr. og áætlaðu hlutur sveitarfélagsins 49.000 kr. (49.000 x 4,5x 9 =1.900.000 kr.)

Heildarkostnaður á þessum lið er því áætlaður kr. 1.900.000

## 02-521 Frístundaheimili fyrir fatlaða nemendur.

Flutt yfir til menntasviðs, forvarnar og frístundadeild.

## 02-512- Þjónustudeild fatlaðra (yfirfært frá ríki)

**02-512-0810 Endurgreiðslur sveitarfélaga**

Innheimt til annarra sveitarfélaga vegna þjónustu í Örva, áfangaheimilinu Hrauntungu og á hæfingarstöðvunum í Fannborg og á Dalvegi. Tekið er mið af kostnaðarskiptingu árið 2011.

**02-512-0820 Endurgreiðslur ríkissjóðs**

Heildartekur sem áætlaðar eru til málaflokksins þ.e. hluti jöfnunarsjóðs svo og útsvarstekjur. Í Navision telst útsvarshluti undir stjórnsýslusvið. (Skoða)

**02-512-4342 Aðkeypt þjónusta**

Aðkeypt þjónusta til annarra sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk s.s. skammtímavistun og dagþjónustu. Tekið er mið af kostnaðarskiptingu árið 2011.

**02-512-4923 Námskeið- og skólagjöld**

Námskeið fyrir starfsfólk í málefnum fatlaðs fólks, varnarviðbrögð, nýliðanámskeið, grunn- og upprifjun í skyndihjálp, nýliðafræðsla og fleira. Samstarf er við nágrannarsveitarfélögin sem áður heyrðu undir Svæðisskrifstofu Reykjanes um flest þessara námskeiða.

**02-512-9194 Framlög ýmis**

Gert er ráð fyrir 4,5 plássum vegna lengdrar viðverðu framhaldsskólanema, í níu mánuði. Þegar málaflokkurinn heyrði undir ríkið námu greiðslur ríkisins 70% af heildarframlagi vegna þessa úrræðis. Í dag kostar plássið tæpar 140.000 kr. og er reiknað með 5% verðlagshækkun á næsta ári ((140.000 x 0,5) x 4,5 x 0.70 x9).

**02-512-9213 Stuðningsfjölskyldur**

Í dag eru 46 stuðningsfjölskyldusamningar frá tveimur upp í fimm sólarhringa í mánuði. Samþykktir hafa verið fjórir samningar til viðbótar en ekki hefur tekist að finna fjölskyldur. Kostnaður vegna endurnýjunar á núverandi samningum til viðbótar við þá sem eru samþykktir er um 16.832.400 kr. Gera þarf ráð fyrir að samþykktir verði sex nýjir samningar til viðbótar á árinu sem gera um 1.898.400.

Heildarkostnaður vegna úrræðis nemur því um 16.832.400 + 1.898.400 = 18.730.8000.

**02-512-9940 Rekstrarframlag vegna Ás Kastalagerði**

Um er að ræða 48.000.000 kr. greiðslur skv. samningi til Ás styrktarfélags vegna reksturs heimilis fyrir fimm íbúa.

**02-512-9982 Rekstrarframlag Dvöl**

Um er að ræða rekstrarframlag til Dvalar skv. samningi sem áður heyrði undir Svæðisskrifstofu Reykjanes svo og endurgreiðslur launakostnaðar á lykil 02-541-790 vegna 1.0 stöðugildi sem tilheyrði ríkinu.

## 02-522 Skjólbraut

**02-522 Laun**

Á Skjólbraut eru 5.75 stöðugildi vegna þjónustu við fimm íbúa.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Starfsmenn | 8 | 4.75 |

Á Skjólbraut er gert ráð fyrir 2 stöðugildum í sumarafleysingu í fjóra mánuði, maí, júní, júlí og ágúst.

**02-522-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma skv. samningi auk 4,5 kaffitíma skv. ákvæðum í samningum við yfirfærslu. Gert er ráð fyrir yfirvinnu vegna kaffitíma starfsmanna, bætingar, stórhátíðarálags og sérstakra frídaga. Einnig vegna breytinga á vöktum.

**02-522-2990 Önnur vörukaup**

Stofnkostnaður eftir flutninga en kaupa þarf gardínur, skápa og fleira.

## 02-523 Dimmuhvarf

**02-523 Laun**

Í Dimmuhvarfi eru 24.3 stöðugildi vegna þjónustu við sex íbúa.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Deildarstjóri | 2 | 2 |
| Þroskaþjálfar | 2 | 2 |
| Starfsmenn | 30 | 19.3 |

Í Dimmuhvarfi er gert ráð fyrir 11 stöðugildum í sumarafleysingu í þrjá mánuði, júní, júlí og ágúst.

**02-523-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 20 fasta yfirvinnutíma, 14 skv. samningi og 6 vegna fræðsluskyldu auk 4.5 kaffitíma skv. ákvæðum í samningum við yfirfærslu. Jafnframt er gert ráð fyrir yfirvinnu vegna kaffitíma starfsmanna, bætingar, stórhátíðarálags og sérstakra frídaga. Einnig vegna breytinga á vöktum.

**02-523-2990 Önnur vörukaup**

Gert er ráð fyrir að kaupa þurfi nýja þvottavél.

## 02-524 Hrauntunga

**02-522 Laun**

Í Hrauntungu eru 6.45 stöðugildi vegna þjónustu við 10 ungmenni á áfangaheimili.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Deildarstjóri | 1 | 1 |
| Þroskaþjálfar | 3 | 1.7 |
| Starfsmenn | 7 | 2.75 |

Samþykktar voru stöður forstöðumanns, deildarstjóra/yfirþroskaþjálfa. Í greinargerð frá Svæðisskrifstofu var rökstutt að fagmenn ættu að fylla minnst helming samþykktra stöðugilda stöðvarinnar.
Ekki er gert ráð fyrir sumarafleysingu þar sem úrræðið lokar í fjórar vikur.

**02-523-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma á mánuði skv. samningi og 4.5 kaffitíma skv. ákvæðum í samningum við yfirfærslu. Gert er ráð fyrir yfirvinnu vegna kaffitíma starfsmanna, og sérstakra frídaga. Einnig vegna breytinga á vöktum.

## 02-525- Marbakkabraut

**02-525 Laun**

Á Marbakkabraut eru 7.45 stöðugildi vegna þjónustu við fimm íbúa.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Starfsmenn | 10 | 6.45 |

Gert er ráð fyrir 3.6 stöðugildum í sumarafleysingu í þrjá mánuði, júní, júlí og ágúst.

**02-525-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 8 fasta yfirvinnutíma skv. samningi auk 4.5 kaffitíma skv. ákvæðum í samningum við yfirfærslu. Gert er ráð fyrir yfirvinnu vegna kaffitíma starfsmanna, bætingar, stórhátíðarálags og sérstakra frídaga. Einnig vegna breytinga á vöktum.

## 02-526- Vallargerði

**02-526 Laun**

Í Vallargerði eru 5.75 stöðugildi vegna þjónustu við fimm íbúa.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Starfsmenn | 8 | 5.75 |
| Tímavinnumenn | 2 | |

Gert er ráð fyrir 3 stöðugildum í sumarafleysingu í þrjá mánuði júní, júlí og ágúst.

**02-526-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma skv. samningi og 4.5 kaffitíma skv. ákvæðum í samningum við yfirfærslu. Gert er ráð fyrir yfirvinnu vegna kaffitíma starfsmanna, bætingar, stórhátíðarálags og sérstakra frídaga. Einnig vegna breytinga á vöktum.

## 02-535-Örvi

**02-535 Laun**

Á starfsþjálfunarstaðnum Örva eru 6.33 stöðugildi.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Deildarstjóri/starfsráðgjafi | 1 | 1 |
| Þorskaþjálfi/starfsráðgjafi | 1 | 0.7 |
| Verkstjóri | 3 | 2.75 |
| Verkstjóri/tímavinna | 1 | 0.9 |

**02-535-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma í mánuði skv. samningi. Starfsmenn eru með um 12 yfirvinnutíma vegna kaffitíma í mánuði miðað við fullt starf. Einnig eru 2 yfirvinnutímar í mánuði á alla starfsmenn vegna starfsmannafundar í hádegi einu sinni í viku. Yfirvinna vegna ræstinga eru 12 tímar á mánuði.

## 02-537-Dalvegur

Á Dalvegi eru 14.85 stöðugildi (við yfirfærslu) auk starfsmanns í AMS

**02-537 Laun**

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Þroskaþjálfi | 2 | 1.7125 |
| Starfsmenn | 14 | 12.1 |
| Starfsmaður í AMS | 1 | 0.5 |

Forstöðumaður hefur verið í tímabundnu leyfi og við það var annar þroskaþjálfinn gerður tímabundið að yfirþroskaþjálfa sem sinnir hluta af verkum forstöðumanns í hans fjarveru.

Starfsmaður í atvinnu með stuðningi (AMS) er í 50% starfi og fær sveitarfélagið endurgreitt 75% af launakostnaði.

Ekki er gert ráð fyrir sumarafleysingu þar sem starfsstaðurinn lokar í 4 vikur yfir sumarið.

**02-537-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma í mánuði skv. samningi. Starfsmenn eru með um 12 yfirvinnutíma vegna kaffitíma í mánuði miðað við fullt starf.

## 02-538-Fannborg

Í Fannborg eru 9 stöðugildi (við yfirfærslu)

**02-538 Laun**

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 0.92 |
| Yfirþroskaþjálfi | 1 | 0.67 |
| Þroskaþjálfi | 2 | 2 |
| Starfsmenn | 7 | 5.41 |

Samþykkt voru stöðugildi forstöðumanns, deildarstjóra/yfirþroskaþjálfa og tveggja fagmanna.

Ekki er gert ráð fyrir sumarafleysingu þar sem starfsstaðurinn lokar í 4 vikur yfir sumarið.

**02-538-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 14 fasta yfirvinnutíma í mánuði skv. samningi. Starfsmenn eru með um 12 yfirvinnutíma vegna kaffitíma í mánuði miðað við fullt starf.

## 02-541- Dvöl

**02-541-790**

Millifært af 02-512-9982 vegna launakostnaður sem áður heyrði undir ríki.

**02-541-Laun**

Í Dvöl eru 1.5 stöðugildi sem greidd eru af Kópavogsbæ

| Launafl. | | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|---|
| Starfsmaður | | 1 | 0.5 |
| Starfsmaður | (áður greitt af ríki) | 1 | 1.0 |

Ekki er gert ráð fyrir sumarafleysingu þar sem starfsstaðurinn lokar í 4 vikur yfir sumarið.

**02-541-1121 Yfirvinna**

Starfsmaður í 0.5 stöðugildi er með 23 fasta yfirvinnutíma í mánuði skv. samningi.

## 02-544 Hörðukór

**02-544-0982 Endurgreiðslur**

Haldið er sérstaklega utan um hlut sem áður tilheyrði Svæðisskrifstofu um rekstur og þjónustu. Skv. samningi greiddi Svæðisskrifstofa 50% af kostnaði vegna launa og launatengdra gjalda tveggja stöðugilda.

**02-544 Laun**

Í Hörðukór eru tvö stöðugildi vegna þjónustu við sjö íbúa.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1 |
| Starfsmaður í íbúðarkjarna | 3 | 1 |

Gert er ráð fyrir 0.5 stöðugildi í sumarafleysingu í þrjá mánuði.

**02-544-1121 Yfirvinna.**

Forstöðumaður er með 25 fasta yfirvinnutíma í mánuði eða 300 tíma á ári. Þess til viðbótar er gert ráð fyrir 100 tímum í yfirvinnu á ári til að mæta útköllum.

## 02-551 Liðveisla

**02-551-982 Endurgreiðslur**

Félagsþjónustan hefur undanfarin ár gert samning við Svæðisskrifstofu Reykjanes vegna þjónustu við börn og fólk með fötlun þar sem Félagsþjónustan ræður starfsfólk en Svæðisskrifstofa greiðir hluta launakostnaður. Gert er ráð fyrir að halda áfram aðgreiningu út frá skilgreiningum á þjónustunni. Tekið er mið af fyrri úthlutunum og greitt af lið 02-215- stuðningsfjölskyldur.

**02-551-1121 Yfirvinna**

Laun vegna yfirvinnu eru áætluð 11.000 stundir. Um er að ræða félagslega aðstoð við fatlaða. Sótt er um aukningu á tímafjölda í samræmi við fjölda umsókna um liðveislu en einnig þarf að gera ráð fyrir aukningu í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga.

Í flokki 1, 2 og 3 eru börn sem búa við fötlun samkvæmt læknisfræðilegu mati. Þessi hópur barna fékk þjónustu frá Svæðisskrifstofu og Félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Svæðisskrifstofa veitir stuðningsfjölskylduúrræði og skammtímavistanir en Félagsþjónusta Kópavogs sá um félagslega liðveislu. Félagsþjónusta Kópavogs hefur til viðbótar veitt börnum með alvarlegar þroskara og/eða atferlisraskanir, sem jafna má við fötlun eða geðræna sjúkdóma, liðveislu og í einstaka tilfellum stuðningsfjölskyldu. Um er að ræða börn sem metin eru með umönnunarmat í 4.fl og 5. fl.

**02-551-1702 Bifreiðahlunnindi**

Liðveitendur skila inn akstursdagbók mánaðarlega. Á árinu 2011 var heimild starfsmanna til aksturs lækkuð með það að markmiði að lækka kostnað. Fyrir hvern km eru greiddar 111 krónur. Gert er ráð fyrir um 28.800 km á árinu og áætlaður kostnaður vegna bifreiðahlunninda verði 3.200.000 krónur.

**02-551-4342 Aðkeypt þjónusta**

Undir þennan lið er hluti sem áður tilheyrði sveitarfélaginu í fjórum þjónustusamningum sem gerðir voru í samvinnu við Svæðisskrifstofu Reykjanes. Kostnaður vegna þeirra á ársgrunni er 4.772.234 kr. Jafnframt er gert ráð fyrir hækkun á einum samningi vegna mats á aukinni þjónustuþörf (500.000 kr.) Gert er ráð fyrir 7.25% hækkun á þeim samningum sem gerðir voru í samvinnu við Svæðisskrifstofu og tekur þessi hækkun tekur mið að hækkun kjarasamninga, um 4.25% hækkun í júní sl. svo og 3% í mars 2012. Einnig hafa verið gerðir einstaklingssamningar um liðveislu við notendur og er áætlaðar 3.000.000 kr. vegna þeirra. Til viðbótar er um að ræða hlutdeild deildarinnar í samningum um þjónustu við einstaklinga sem gerðir eru í samvinnu við þjónustudeild aldraðra/heimaþjónustu eða 2.554.428 kr.

Heildarkosnaður vegna aðkeyptrar vinnu er 4.772.234 + 500.000 + 3.000.000 + 2.554.428 = 10.826.662

## 02-552 Frekari liðveisla

**02-552- Laun**

Gert er ráð fyrir 3.98 stöðugildum í frekari liðveislu, þar af eru tveir starfsmenn fastráðnir í 0.70 stöðugildi. Starfsmenn í tímavinnu fá greidda yfirvinnutíma eftir kl. 17:00 á daginn og um helgar en megnið af vinnutíma starfsmanna fer fram eftir þann tíma.

**02-552-4342 Aðkeypt þjónusta**

Undir þessum lið er hluti sem áður tilheyrði Svæðisskrifsofu í fjórum þjónustusamningum sem gerðir hafa verið. Gert er ráð fyrir 7.25% hækkun á þessum samningum á milli ára og tekur hækkunin mið af kjarasamningum, um 4.25% hækkun í júní sl. svo og 3% hækkun í mars 2012 ( 27.277.012 kr.) Jafnframt er gert ráð fyrir hækkun á einum samningi vegna mats á aukinni þjónustuþörf (792.1777 kr.) Til viðbótar þarf að áætla kostnað vegna þeirra sem eru á biðlista eftir búsetu sem er meðal annars ungt fólk sem býr í foreldrahúsum. Í dag eru það um 18 einstaklingar. Til að mæta þessu fólki með þjónustu þarf að gera ráð fyrir að meðaltali allt að tveimur tímum á dag, alla daga vikunnar (13.073.000).

Heildarkostnaður er 27.277.012 kr. + 792.177 + 13.073.000 kr. =41.142.189 kr.

Gert er ráð fyrir framlagi frá jöfnunarsjóði vegna biðlista eftir þjónustu.

# 04 Fræðslusvið

## 04-010 Skólanefnd

Gert er ráð fyrir 17 fundum skólanefndar á árinu 2012. Í áætlun 2012 er ekki gert ráð fyrir úthlutun styrkja á lið skólanefndar.
Viðurkenningasjóður MK færist á 21-590-9994.

## 04-011 Skólaskrifstofa

Samkvæmt nýju skipuriti starfa á skólaskrifstofu deildarstjóri grunnskóladeildar, eftirlits- og kennslufulltrúi (50%) og sérkennslufulltrúi. Í heild 3 starfsmenn í 2,5 stöðugildum.
Áætlun til vöru- og þjónustukaupaliða breytist í samræmi við breytingu á skipuriti, og færist að hluta á skrifstofu menntasviðs.

## 04-012 Grunnskólar sameiginlegt

Hér bókast ýmis sameiginlegur kostnaður grunnskólanna, þar á meðal neðangreint:
Fimm starfsmenn eru skráðir inn á grunnskóla sameiginlegt, 1141 Kennslulaun. Þrír talkennarar, einn sálfræðingur í 65% starfi og tveir kennarar á biðlaunum hluta úr árinu.
Liðurinn 2111 Matvæli hefur verið færður á grunnskólana.
Útboð á skólaakstri og akstri fatlaðra barna fór fram á árinu 2011 sem skilaði sér í hagræðingu á viðkomandi liðum í áætlun.
Hér bókast einnig tekjur og gjöld vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags. Áætlað er að hér verði kostnaðarhækkun vegna fjölgunar nemenda á skólaárinu.

## 04-015 Skrifstofa menntasviðs

Samkvæmt nýju skipuriti starfa á skrifstofu menntasviðs sviðsstjóri menntasviðs, rekstrarstjóri menntasviðs, 2 rekstrarfulltrúar, einn launafulltrúi, innritunarfulltrúi leikskóla og ritari. Í heild 7 starfsmenn í 7 stöðugildum.
Áætlun til vöru- og þjónustukaupaliða breytist í samræmi við breytingu á skipuriti, og færist að hluta á skrifstofu menntasviðs.

## 04-101 Skrifstofa leikskólafulltrúa

**04-101-1110 Mánaðarlaun**

Laun leikskólafulltrúa, 2 leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa, sérkennsluráðgjafa, daggæslufulltrúa og sálfræðings. Alls 5,75 stöðugildi. 50% staða sálfræðings er ný og til reynslu tímabundið í stað sálfræðings í verktöku. Daggæslufulltrúi færist á þennan lið en innritunarfulltrúi færist á skrifstofu menntasviðs.

**4-101-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna sálfræðings, aðrir starfsmenn eru á fastlaunasamningi.

**04-101-1191 Nefnda og stjórnarlaun**

Kostnaður vegna funda leikskólanefndar. Gert er ráð fyrir 15 fundum.

**04-101-2821 Kennslutæki**

Safn vegna sérkennslu. Búnaður vegna sértækrar fötlunar barna s.s. blindu/sjónskerðingar og ýmis konar hreyfihamlana.

**04-101-2853 Ýmis búnaður**
Sameiginlegur liður til að standa straum af kostnaði vegna endurnýjunar á búnaði og tækjum leikskólana.

**04-101-4345 Aðkeypt kennslustörf vegna sérkennslu**
Aðkeypt vinna talkennara, iðjuþjálfa og fleiri sérfræðinga.

**04-101-4398 Önnur þjónustukaup**
Námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk leikskóla. M.a. kostnaður vegna sameiginlegs námskeiðsdags fyrir allt starfsfólk leikskóla. Einnig er kostnaður vegna ýmissa styttri og lengri námskeiða. Þá er hér kostnaður við nám leiðbeinenda í FG í samræmi við kjarasamning. Einnig kostnaður v/handleiðslu starfsmanna leikskólaskrifstofu sbr. kjarasamning.

**04-101-4913 Auglýsingar**
Auglýsingar eftir starfsfólki. Sameiginlegar auglýsingar fyrir skólaárið.

**04-101-4923 Námskeiðs og skólagjöld**
Liður vegna námskeiða eða námsferða sem starfsmenn leikskólaskrifstofu sækja.

**04-101- 9119 Niðurgreidd leikskólagjöld**
Afsláttur vegna barna námsmanna, veikinda barna o.fl.

**04-101- 9931 Starfsmannasjóður**
Ekki fjárveiting á þennan lið fyrir 2012..

**04-101- 9991 Styrkir leikskólanefndar og sérverkefni**
Ekki fjárveiting á þennan lið fyrir 2012.

**04-101- 9993 Styrkir vegna þróunarverkefna**
Ekki fjárveiting á þennan lið fyrir 2012.

## 04-111 – 135 Leikskólar

**04-LS Leikskólar**

| | | Fjöldi rýma | Dvalar stundir | Fjöldi stg |
|---|---|---|---|---|
| 111 | Furugrund | 75 | 589 | 23,07 |
| 112 | Urðarhóll | 141 | 1.101 | 35,76 |
| 113 | Baugur | 120 | 952 | 25,28 |
| 115 | Núpur | 108 | 829 | 26,62 |
| 116 | Dalur | 94 | 765 | 23,99 |
| 117 | Arnarsmári | 94 | 773 | 24,98 |
| 118 | Efstihjalli | 108 | 846 | 29,04 |
| 119 | Grænatún | 65 | 514 | 17,00 |
| 120 | Kópasteinn | 76 | 592 | 21,46 |
| 121 | Fífusalir | 119 | 966 | 30,10 |
| 122 | Rjúpnahæð | 119 | 967 | 34,80 |
| 123 | Kópahvoll | 82 | 665 | 21,33 |
| 124 | Fagrabrekka | 68 | 549 | 18,90 |
| 125 | Marbakki | 104 | 855 | 31,92 |
| 126 | Álfaheiði | 84 | 641 | 23,73 |
| 127 | Smárahvammur | 146 | 1154 | 35,79 |
| 128 | Álfatún | 84 | 665 | 23,83 |
| 129 | Sólhvörf | 120 | 113 | 28,07 |

| | | |
|---|---|---|
| **1.807** | **12,531** | **479** |

Almennt er fækkun stöðugilda vegna færri barna í yngsta aldurshópi og færri dvalarstunda, en Kjarrið bætist við Smárahvamm, 11.57 stg.

**04-LS-0250 Leikskólagjöld**
Tekjur vegna greiðslu foreldra fyrir leikskóladvöl.

Tekjur eru færðar að fullu í hvern leikskóla. Afsláttur vegna barna einstæðra foreldra og námsmanna færist á velferðarsvið. Systkinaafsláttur og afsláttur vegna námsmanna ofl. færist á liðinn „Niðurgreidd leikskólagjöld 101-9119".

**04-LS-0251 Fæðisgjöld leikskóla**
Tekjur vegna greiðslu fæðiskostnaðar v/hádegisverðar barna og síðdegishressingar

**04-LS-1110 Mánaðarlaun**
Fjöldi stöðugilda ræðst af fjölda dvalarstunda, aldri barna og sérkennsluþörf.

**04-LS-1702 Bifreiðahlunnindi**
Vegna aksturs leikskólastjóra á eigin bifreiðum. 165 km á mánuði.

**04-LS-2111 Matvæli - mötuneyti**
Kaup á matvælum vegna hádegisverðar og hressinga barna. Upphæð ræðst af fjölda barna í fæði. Upphæð samsvarar innheimtum tekjum af fæðisgjöldum.

**04-LS-2822 Leikefni og námsgögn**
Miðast við fjölda rýma. Samkvæmt sérstakri samþykkt er 50% hækkun á þessum lið fjórða hvert ár til að endurnýja dýrari leikföng, t.d. útileikföng. Þessari viðbótarfjárveitingu verði áfram frestað um óákveðinn tíma.

**04-LS-2911 Hreinlætis- og ræstingavörur**
Ræstingavörur, handþurrkur, salernispappír, hreinsiefni og fl. Hækkun á þessum lið vegna verðlagsbreytinga.

**04-LS-4118 Akstur með mat**
Akstur starfsmanna áhaldahúss með mat úr Urðarhóli, aðalbyggingu í Skólatröð og Stubbasel.

**04-LS-4342 Aðkeypt þjónusta**
Greiðslur vegna fyrirlesara á skipulagsdögum, starfsmannafundum og foreldrafundum. Einnig er þessi liður ætlaður til að grípa til ef álag er vegna undirmönnunar og erfiðleika og til að greiða fyrir sérstök verkefni sem starfsmenn taka að sér.

**04-LS-4375 Eftirlitsgjald**
Kostnaður við viðvörunarkerfi leikskólanna. Einnig eftirlit á slökkvitækjum og neyðarlýsingu.

**04-LS-4942 Ræsting**
Bónun og viðhald gólfdúka tvisvar á ári. Hér er einnig færður kostnaður vegna samninga um ræstingu í um helmingi leikskóla.

## 04-XXX Leikskólar með þjónustusamning

**04-114 Leikskólinn Kór**
Rekstrarframlag sbr. samning. – Framlag lækkar í samræmi við hækkun gjaldskrár leikskólagjalda.

**04-133** **Leikskólinn v/Aðalþing**
Rekstrarframlag sbr. samning. – Framlag lækkar í samræmi við hækkun gjaldskrár leikskólagjalda.

**04-135** **Leikskólinn Kjarrið**
Hefur nú verið sameinaður Smárahvammi.

## 04-161 Einkaleikskólar

**04-161-0810 Endurgreiðslur sveitarfélaga**
Greiðslur sveitarfélaga vegna barna sem eru í leikskólum utan lögheimilissveitarfélags og greiðslur vegna samninga um framlengda dvöl þegar börn flytja á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

**04-161-9195 Styrkir til einkaleikskóla**
Leikskólastyrkir vegna barna úr Kópavogi sem dvelja í einkareknum leikskólum. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum greiðslum vegna sérkennslu fatlaðra barna í einkaleikskólum.

**04-161-9196 Framlenging á leikskóladvöl**
Greiðslur vegna barna sem eru í leikskólum utan lögheimilissveitarfélags og greiðslur vegna samnings um framlengda dvöl þegar börn flytja á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur koma á móti á lið 0810 en vegna fólksfjölgunar í Kópavogi er greitt með fleiri börnum en fæst greitt með í öðrum sveitarfélögum. Einnig eru hér greiðslur vegna fatlaðra barna sem eru í sérleikskólum í Rvk.

## 04-171 Dagforeldrar

**04-171 – 4923 Styrkur til nýrra dagforeldra, stofnstyrkur og námskeið.**

**04-171-9113 Niðurgreidd daggjöld**

## 04-211 – 222 Grunnskólar

**04-GR** **Grunnskólar**

**04-GR-0241 Fæðisgjöld nemenda**.
Gjaldskrá hækkaði um 45 kr. frá 1. október 2011. Verð hækkaði því úr 350kr. í 395kr. Gert er ráð fyrir að leita enn hagkvæmari leiða við rekstur mötuneyta í skólum og næsta ákvörðun um gjaldskrábreytingu verði tekin fyrir haustið 2012.

**04-GR-0252 Daggjöld dægradvöl**
Tekjur vegna lengdrar viðveru nemenda í dægradvöl grunnskólanna.
Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkun um 5% fyrir árið 2012, launahækkanir hafa verið um 13-15% í þessari starfsemi.

| | Verðskrá frá 1.jan 2012 | | Verðskrá til 31.des 2011 | | Verðbreyting | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Per stund | Samtals | Per stund | Samtals | Per stund | Samtals | Samtals % |
| **Allt að 20 klst á mán** | 6.300 | 6.300 | 6000 | 6000 | 300 | 300 | 5,0% |
| **21-40 klst á mán** | 4.725 | 11.025 | 4.500 | 10.500 | 225 | 525 | 5,0% |
| **41-60 klst á mán** | 3.675 | 14.700 | 3.500 | 14.000 | 175 | 700 | 5,0% |
| **61-80 klst á mán** | 2.625 | 17.325 | 2.500 | 16.500 | 125 | 825 | 5,0% |
| **Matargjald** | | 125 | | 125 | | 0 | 5,0% |

Samræmt gjald er fyrir vist í Dægradvöl í Kópavogi. Gjaldflokkarnir eru fjórir eins og sjá má í meðfylgjandi töflu og miðast þeir við eina, tvær, þrjár eða fjórar klst. á dag. Grunngjald er kr. 6.000,- fyrir eina klst. eða minna á dag en verður kr. 6.300,-. Fyrir 2 klst. á dag voru greiddar kr. 10.500,- sem verða kr. 11.025,-, fyrir 3 klst. á dag voru greiddar kr. 14.000 en verða kr. 14.700 og fyrir meira en þrjár klst. á dag voru greiddar 16.500 en verða kr. 17.325,-.

**04-GR-1110 Laun húsvarða, ritara og matráða**

Gert er ráð fyrir einu stöðugildi húsvarða í öllum grunnskólunum. Skólar með aðkeyptan mat fá 1,5 stg. vegna mötuneyta nemenda, en 2 stg. til skóla sem elda sjálfir.

Almennt hafa skólar 1 stöðugildi ritara en skólar með yfir 550 nemendur fá 1,5 stöðugildi ritara. Kársnesskóli og Álfhólsskóli hafa tvær starfsstöðvar og hafa ritara á hvorri starfsstöð fyrir sig.

Yfirvinna vegna ofangreindra stöðugilda færist hér einnig. Hér er gert ráð fyrir þeirri yfirvinnu sem bundin er í kjarasamningi vegna húsvarða í grunnskólum. Að auki er gert ráð fyrir 100 lausum yfirvinnustundum á hvern skóla vegna annarrar tilfallandi yfirvinnu.

**04-GR-1112 Ræstingarlaun**

Laun skólaliða í ræstingum. Úthlutun stöðugilda skólaliða miðast við 1 stg per 1250m$^2$ og 1 stg. per 125 nem.

| | | Nemendur 2011/2012 | Fermetrafjöldi | Stg. skólaliða |
|---|---|---|---|---|
| 211 | Kópavogsskóli | 309 | 4.107 | 5,9 |
| 212 | Kársnesskóli | 484 | 7.400 | 9,8 |
| 215 | Snæland | 405 | 4.802 | 7,2 |
| 217 | Salaskóli | 483 | 5.925 | 8,6 |
| 218 | Smáraskóli | 372 | 5.329 | 7,1 |
| 219 | Lindaskóli | 548 | 6.172 | 9,3 |
| 220 | Hörðuvallaskóli | 528 | 6.360 | 9,4 |
| 221 | Vatnsendaskóli | 426 | 5.800 | 8,5 |
| 222 | Álfhólsskóli | 716 | 8.694 | 12,7 |

**04-GR-1141 Kennslulaun**

Hér eru færð öll laun kennara, sem áætluð eru út frá tímafjölda sem skólanum eru úthlutaðir bæði til almennrar kennslu og sérkennslu, bókasafnsstarfa og gæslu í hádegi og frímínútum.

Stöðugildi stuðningsfulltrúa eru tekin inn með kennaralaunum. Stuðningsfulltrúar geta bæði verið inni í bekkjardeildum vegna eins eða fleiri nemenda sem og í dægradvölinni.

**04-GR-1142 Laun v/ dægradvalar**

Mönnun í dægradvöl miðast við fjölda barna. Að auki eru svokallaðir kennaratímar í dægradvöl. Í áætlun 2012 er gert ráð fyrir að kennaratímar séu 190 klst. á ári fyrir fjölda að 60 nemendum í dægradvöl, við bætast 7,6 klst. á ári fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

| | | Fj. í dægradv. |
|---|---|---|
| 211 | Kópavogsskóli | 78 |
| 212 | Kársnesskóli | 105 |
| 215 | Snæland | 108 |
| 217 | Salaskóli | 142 |
| 218 | Smáraskóli | 80 |
| 219 | Lindaskóli | 124 |
| 220 | Hörðuvallaskóli | 160 |
| 221 | Vatnsendaskóli | *106* |
| 222 | Álfhólsskóli | 142 |
| | | **1.026** |

**04-GR-1145 Laun v/ félagsstarfa**

Fyrir 2012 er gert ráð fyrir óbreyttri úthlutun, 1klst. per nem á ári.

**04-GR-1146 Foreldrasamstarf**

Undir þennan lið heyrir foreldrasamstarf, forvarnir og tölvuumsjón. Á skólaárinu 2012/2013 er gert ráð fyrir óbreyttri úthlutun; foreldrasamstarf 7,5 klst. á bekkjardeild á skólaári, forvarnir 36 klst. á ári og tölvuumsjón 0,02 klst á viku per nem.

**04-GR-1148 Skólakórar**

Hverjum grunnskóla eru reiknaðar 152 klst. á skólaári til kórstarfa, nema Kársnesskóla þar sem Kársneskórinn er starfandi í dag.

**04-GR-2/4*** Vöru- og þjónustukaup**

Hver skóli fær úthlutað fjármagni til vöru- og þjónustukaupa. Til vörukaupa er úthlutað 3,5m í grunn og svo 13.937kr. per nem. Til þjónustukaupa er úthlutað 8.317kr per nem.

Vörukaupaliðirnir eru:

Bækur og áskrift, pappír og ritföng, viðhaldsvörur tækja og áhalda, heimilisfræðaefni, aðrir innanstokksmunir, ýmiss búnaður, búsáhöld, ræstingavörur, hreinlætisvörur, ýmsar viðhaldsvörur, efni til smíða, handavinnuefni, ýmis kennslugögn, myndmenntaefni og önnur vörukaup.

Þjónustukaupaliðir eru:

Sími, leigubifreiðar, sendibifreiðar, dagpeningar, annar ferðakostnaður, þjónustusamningar, aðkeypt þjónusta, hugbúnaðargerð, prentun og ljósritun, auglýsingar, námskeiðs– og skólagjöld og ræsting.

## 04-290 Námsleyfi kennara

Fjórir kennarar eru í námsleyfi skólaárið 2012/2013.

## 04-291 Sérdeild fyrir einhverf börn

Sérdeild fyrir einhverf börn er rekin í Digranesskóla eins og verið hefur um árabil. Áætlað fjármagn til sérdeildarinnar hefur aukist vegna fjölgunar barna í deildinni. Stækkun deildarinnar er ekki bein aukning á sérkennslutímamagni þar sem þessi börn væru annars með úthlutun á viðkomandi skóla.

**04-291-0811 Endurgreiddur námskostnaður**

Hér er um að ræða endurgreiddan námskostnað frá öðrum sveitarfélögum vegna barna við sérdeildina sem búsett eru utan sveitarfélagsins.

**04-291-1141 Kennslulaun**

Reiknað er með 7,4 stöðugildum kennara ásamt 5 stöðugildum stuðningsfulltrúa

## 04-511 Tónlistarskólar

**04-511-9932 Tónlistarskóli Kópavogs**

Tónlistarskóli Kópavogs fær 2% sparnaðarkröfu í áætlun 2012 sem stjórnendum er falið að útfæra. Gert er ráð fyrir að á næsta skólaári verði fjöldi kennsludaga 175.

**04-511-9936 Tónsalir**

Tónsalir fá 2% sparnaðarkröfu í áætlun 2012 sem stjórnendum er falið að útfæra. Gert er ráð fyrir að á næsta skólaári verði fjöldi kennsludaga 175.

## 04-512 Skólahljómsveit Kópavogs

**04-512-0254 Tekjur v/ námskeiða**

Greiðslur frá nemendum við Skólahljómsveitina.

**04-512-0390 Aðrar leigutekjur**

Greiðslur vegna hljóðfæraleigu nemenda.

**04-512-1110 Mánaðarlaun**

Hér bókast laun tónlistarkennara skólahljómsveitarinnar. Í áætlun 2012 er reiknað með 7,67 stöðugildum kennara og 1 stöðugildi stjórnanda hljómsveitarinnar. Gert er ráð fyrir kr. 371.315.- i forfallakennslu.

**04-512-1112 Ræstingarlaun**

Gert er ráð fyrir starfsmanni í hlutastarfi til að sjá um ræstingu.

## 04-595 Waldorf

**04-595-4411 Húsaleiga eignasjóður**

Skólinn er í húsnæði í eigu bæjarins.

## 04-598 Sérskóli Neðstatröð 6

**04-598-1141 Mánaðarlaun**

Á árinu 2011 voru sameinuð sérkennsluúrræðin Tröð og Hvammshús í húsnæði Traðar við Neðslutröð. Laun sérkennara og stuðningsfulltrúa í sameinuðu sérkennsluúrræði miða við 5 stöðugildi í áætlun 2012.

# 05 Menningarmál

Undir þennan málaflokk fellur rekstur menningarstofnana bæjarins, en þær eru Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Tónlistarsafn Íslands, Tónlistarhús Kópavogs – Salurinn, Náttúrufræðistofa, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn og Héraðsskjalasafn. Einnig fellur undir hann styrkveitingar og önnur starfssemi Lista- og menningarráðs.

## 05-211 Menningarmál, yfirstjórn

**Laun og launatengd gjöld**

Breyting var gerð á starfsemi menningarsviðs, þannig að mest af yfirstjórn þess fer fram á stjórnsýslusviði.

## 05-211/212 Bókasafn Kópavogs, Lindasafn

**0243 Tekjur af útlánum**

Greiðandi lánþegar eru 18-66 ára.

**0259 Aðrar tekjur**

Innheimta dagsekta hjá Momentum.

**0459 Önnur sala**

Útleiga á diskum, bæði tónlist og kvikmyndum.

**Laun og launatengd gjöld**

Bókasafn Kópavogs: Samtals **15.21 stöðugildi**. Einnig 4**.360 álagstímar**. Heildar yfirvinnufjöldi er 4.674 tímar.

Lindasafn: Samtals lagstímar. Heildar yfirvinnufjöldi er 300 yfirvinnutímar.

**2012 Bækur og áskrift, 2022 Tímarit og blöð**

Kaup á nýju efni, bókum og tímaritum, bæði íslenskum og erlendum.

**4913 Auglýsingar**

Til þess að auka á ný aðsókn og útlán. Einnig til að auglýsa opnunartíma safnsins.

## 05-230 Safnahús sameiginlegt

**0790 Aðrar millifærslur**

Öllum kostnaður útdeilt á Bókasafn Kópavogs (70%) og Náttúrufræðistofu (30%)

**Laun og launatengd gjöld**

**Samtals 1 stöðugildi. Álag er 467 tímar. Yfirvinna er 384 tímar**. Húsvörður sinnir bæði Safnahúsinu (65%) og Tónlistarskóla Kópavogs (35%). Tónlistarskólinn endurgreiðir Safnahúsinu 35% af heildarkostnaði.

**4011 Sími**

18 föst símanúmer í bókasafni og 6 föst símanúmer í Náttúrufræðistofu. Þrír farsímar.

**4343 Landskerfi bókasafna (vsk.)**

Almenningsaðgangur að landskerfi bókasafna vegna allra bókasafna í Kópavogi þ.m.t skólabókasöfn. Mánaðarlegur fastakostnaður reiknaður út sem 12,7341 x íbúafjöldi í Kópavogi x afsláttur.

**4942 Aðkeypt ræsting (vsk.)**

Samkvæmt verksamningi við Sólarræstingu hf. Regluleg ræsting á gólfrými í safnahúsi (Bókasafn 80%, Náttúrufræðistofa 20%), auk gluggaþvotta þrisvar á ári (ca. 250.000).

## 05-311 Héraðsskjalasafn

**0259 Aðrar tekjur**

Ríkisframlag héraðsskjalasafna af fjárlögum frá Þjóðskjalasafni Íslands.

**Laun og launatengd gjöld**

Heildar stöðugildi **2,5. Alls 705 yfirvinnutímar**. Ræstingar eru í uppmældri vinnu. Gert er ráð fyrir 5 fundum í stjórn Héraðsskjalasafnsins

**2/4*** Vöru- og þjónustukaup**

## 05-351 Náttúrufræðistofa

**0259 Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur annars vegar vegna útseldrar þjónustu í sérverkefnum fyrir ýmsa aðila (ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir) og hins vegar vegna verkefnastyrkja (t.d. frá Rannís og Safnasjóði). Fæst verkefnin eru föst í hendi milli ára og því er óhægt um vik að ákvarða upphæðir nákvæmlega með fullri vissu við gerð fjárhagsáætlunar. Sum verkefni/tekjur ráðast með skömmum fyrirvara. Einnig ríkir oft óvissa um styrki, en svör við umsóknum berast iðulega í janúar-apríl. Taka verður tillit til þessara atriða þegar spáð er í tekjur Náttúrufræðistofunnar. Fyrir liggur beiðni um þátttöku Náttúrufræðistofunnar í stóru verkefni á næsta ári á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Áætlaðar tekjur af verkefninu umfram aðrar tekjur eru um 8 milljónir kr.

**0990 Styrkur**

Styrkur til tækjakaupa. Umsókn í Safnasjóð og þátttökuframlag frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.

**Laun og launatengd gjöld**

Fastráðningar við stofuna eru 4,5 stöðugildi, aðrar ráðningar eru tímabundnar á móti verkefnatekjum, sumarafleysinga eða tímavinnu við safnavörslu. Vegna aukinna verkefna er gert ráð fyrir auknu stöðugildi, en hið vænta verkefni mun greiða þá viðbót. Bifreiðahlunnindi eru tilfallandi og greidd eftir akstursbók.

**2/4*** Vöru- og þjónustukaup**

Áskrift að tímaritum og fagbókum, skrifstofuvörur, efni fyrir skráningu safnmuna, útstillingu sýningarmuna o.fl. Almennt viðhald á rannsóknartækjum, þ.m.t. viðhald á mælitækjum, báti o.fl. Myndataka í tengslum við skýrslugerð, sýningamuni o.fl. Smáhlutir í tengslum við sýningarsafn og rannsóknir, geymsluöskjur, plastpokar, tilraunaglös o.fl. Ýmis smærri tækjabúnaðar í tengslum sýningarmuni og rannsóknir.

## 05-511 Listasafn Kópavogs- Gerðarsafn

**Tekjur**

Tekjur safnsins eru áætlaðar út frá útgönguspá. Gert er ráð fyrir að þær haldist, en ekki er vitað um hvort styrkur safnasjóðs haldist svipaður á næsta ári.

**-1110 Mánaðarlaun**

Stöðugildi eru nú 4.

Gert er ráð fyrir að kostnaður haldist svo til óbreyttur frá útkomuspá ársins 2011 og með því er gert ráð fyrir áframhaldandi hagræðingu í starfsemi safnsins á árinu 2012.Rafmagn og hiti hækkar í samræmi við verðlagshækkanir.

**- 2852 Ýmis búnaður**

Endurnýjun á símtækjum í safninu. 30x5= 150.000 ásamt vinnu við tengingu við aðalsímkerfi bæjarins í þjónustuveri 100.000, samtals 250.000 auk annarrar endurnýjunar á búnaði

**-4988 Tölvukostnaður mf.**

Skv áætlun tölvudeildar

## 05-512 Kaffitería Listasafni Kópavogs- Gerðarsafn

**Laun og launatengd gjöld**

Samtals 1,0 stöðugildi. Yfirvinnutímar alls 480. Fatapeningur er vegna einkennisklæðnaðar starfsfólks. Búið að bjóða starfsemina út, ekkert tilboð barst.

## 05-812 Menningar- og þróunarráð

Áætlaðir 17 fundir á árinu. Starfsstyrkir listamanna samkvæmt samþykkt frá 1988. Framlag bæjarsjóðs í lista- og menningarsjóð sem er 0,5% af útsvarstekjum, þ.e. miðað við 6,7% útsvar.

# 06 Íþróttamál, frístunda- og forvarnamál

Rekstur félagsmiðstöðva, félagsheimila, ungmennahúsa, sumarnámskeiða, íþróttahúsa, sundlauga, íþróttavalla og íþróttahalla eru verkefni deildaanna. Einnig styrkveitingar til forvarnamála, íþrótta- og æskulýðsfélaga og niðurgreiðslur til foreldra vegna íþrótta- og tómstundaiðkunnar barna. Rekstur skrifstofa íþróttadeildar og frístunda- og forvarnadeilda.

## 06-011 Skrifstofa íþróttamála

**06-011-0992 Aðrar endurgreiðslur** (Húsaleiga-tækjasjóður).
Sameiginlegur tekjuliður fyrir íþróttamannvirki bæjarins af leigu á húsnæði (íþróttasölum - völlum) og tækjum. Tækjasjóður fjármagnar stærri áhaldakaup fyrir íþróttamannvirki bæjarins.

**06-011-1011 Laun**
Starfsmenn á skrifstofu eru tveir, deildarstjóri og íþróttafulltrúi.

**06-011-1191 Nefnda og stjórnarlaun ÍTK**
Miðað er við 12 fundi á árinu 2011.

**06-011-2990 Tækjasjóður.**
Innkaupaliður vegna tekna af útleigu. Ætlaður til kaupa á tækjum og búnaði fyrir íþróttamannvirkin.

**06-011-4011 Sími og fjarskiptaþjónusta.**
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði í Fannborg 2, 2. hæð. Starfmenn deildarinnar eru með GSM-síma.

**06-011-4342 Aðkeypt þjónusta**
Hér er færður sá kostnaður sem fellur til vegna sameiginlegra viðburða á vegum félagsmiðstöðvanna. Gert er ráð fyrir að tekjurnar sem koma til vegna sameiginlegra skemmtana æskulýðsdeildar ÍTK séu nýttar til greiðslu á kostnaði vegna viðburðanna. Tekjur vegna þessara viðburða eru skráðar á gjaldaliðinn 06 – 011 – 0993.

**06-011-4913 Auglýsingar.**
Kynning á sumarstarfsemi á vefsíðu ÍTK er gjaldfærð á þennan lið. Hér er einnig færður sá kostnaður sem fellur til vegna íþróttahátíðar Kópavogs.

**06-011-4915 Kynningarstarfsemi.**
Kynning á sumarstarfsemi á vefsíðu ÍTK er gjaldfærð á þennan lið. Hér er einnig færður sá kostnaður sem fellur til vegna íþróttahátíðar Kópavogs.

## 06-012 Skrifstofa frístunda- og forvarnamála/forvarnarnefnd

**06-012-0993 Tekjur v/félagsmiðstöðva**
Tekjur vegna sameiginlegra viðburða.

**06-012-1011 Laun**
Starfsmenn á skrifstofu eru tveir, deildarstjóri og verkefnastjóri tómstundamála.

**06-012-1191 Nefnda og stjórnarlaun ÍTK**
Miðað er við 12 fundi á árinu 2011.

**06-012-2853 Ýmis búnaður vegna félagsmiðstöðva.**

Sameiginlegur innkaupaliður til kaupa á tækjum og búnaði sem nýtist fyrir allar félagsmiðstöðvarnar.

**06-012-4113 Hópferðabifreiðar.**

Sameiginlegar skemmtanir auk annarra ferða á vegum ÍTK með unglingana í Kópavogi. Kostnaður við að koma unglingunum til og frá þessum skemmtunum er færður hér.

**06-012-4344 Önnur aðkeypt þjónusta**

Hér er færður sá kostnaður sem fellur til vegna sameiginlegra viðburða á vegum félagsmiðstöðvanna. Gert er ráð fyrir að tekjurnar sem koma til vegna sameiginlegra skemmtana æskulýðsdeildar ÍTK séu nýttar til greiðslu á kostnaði vegna viðburðanna. Tekjur vegna þessara viðburða eru skráðar á gjaldaliðinn 06 – 011 – 0993.

**06-012-4342 Aðkeypt þjónusta**

Samningsbundnar rannsóknir sem og tilfallandi forvarnaverkefni.

## 06-294 Tómstundastarf fatlaðra

Hér er færður kostnaður vegna samstarfs við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna tómstundastarfs fatlaðra barna og ungmenna. Þjónustugjöld fyrir nemendur Klettaskóla sem búsettir eru í Kópavogi. Einnig rekstur á heilsársstarfsemi Sólskinshópsins, tómstundahóps fyrir fullorðna einstaklinga. Yfirvinna 240 yv. tímar vegna þess.

## 06-295 Siglingaklúbbur

Námskeið rekin af íþróttadeild

**06-295-0992 Tekjur vegna námskeiða.**

Áætlaðar tekjur vegna námskeiða.

**06-296-1011 Laun**

Laun vegna Siglingaklúbbsins verða sumarið 2012 greidd af lið 13-015 v/ atvinnuskapandi verkefna. Starfsmenn eru 5 í 8 vikur og 1 í 9 vikur. Samtals 49 vikur. Yfirvinna 100 tímar. Akstur 100 km

Rekstraliðir Kópaness og styrkur til Ýmis

## 06-296 Leikja- og reiðnámskeið

Félagsmiðstöðin Jemen rekur leikja- og reiðnámskeiðin í samstarfi við Gust í Lindahverfi. Síðastliðið sumar var námskeiðið eina tilboðið fyrir 6-9 ára börn í hverfinu. Þjónusta er keypt af reiðskóla Gusts.

**06-296-1011 Laun**

Laun vegna leikja- og reiðnámskeiða verða sumarið 2012 greidd af lið 13-015 v/ atvinnuskapandi verkefna.

Aðrir starfsmenn eru 3 í 8 vikur og 2 í 9 vikur. Samtals 42 vikur. Yfirvinna samtals 100 tímar. Akstur 100 km

**06-296-4923 Námskeiðs- og skólagjöld**

Kostnaður vegna keyptrar þjónustu af Gusti.

## 06-297 Leikjanámskeið Sköpun

Fellur niður 2012

## 06-298 Smíðavellir ÍTK

ÍTK starfrækir 1-2 smíðavelli sumarið 2011. Þátttökugjöld standi undir útlögðum kostnaði

**06-298-1011 Laun**

Laun vegna sumarnámskeiða á smíðavöllum verða sumarið 2011 greidd af lið 13-015 v/ atvinnuskapandi verkefna.

Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna starfa á námskeiðum ÍTK ásamt því að veita þeim forstöðu. Aðrir starfsmenn eru 2 í 8 vikur og einn í 9 vikur. Samtals 25 vikur. Yfirvinna 100 tímar.

## 06–300 Félagsmiðstöðvar Frístunda- og forvarnadeildar

Starf félagsmiðstöðvanna felst í að veita unglingum aðstöðu til að stunda öflugt, skipulagt og uppbyggilegt tómstunda- og félagsstarf undir handleiðslu fagfólks. Lýðræðishugsjónin fær að njóta sín og unglingarnir eru hvattir til að vera virkir í starfinu, taki þátt í ákvörðunartöku og læra að bera ábyrgð. Unnið er að forvörnum og fræðslu og lögð er áhersla á vináttu og virðingu. Opnunartímar félagsmiðstöðvanna eru á mánudags- og miðvikudagskvöldum frá kl. 17.00 – 22.00, og annað hvert föstudagskvöld kl.19.30 – 23.00. Einnig er opið í hádeginu alla daga og í löngu frímínútum á morgnana. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna eru 9 yfir veturinn og viðburðir á vegum Samfés eru 4.

**06-3XX- Laun:**

Launahækkanir vegna launaflokks- og þrepahækkana starfsmanna samkvæmt kjarasamningum. Allar tölur eru á ársgrundvelli

| Félagsmiðstöð | | Stöðugildi | Álag | Yfirvinna |
|---|---|---|---|---|
| 06-311 | EKKÓ | 1,87 | 2008 | 610 |
| 06-312 | Igló | 1,70 | 1785 | 565 |
| 06-313 | Pegasus | 3,00 | 3068 | 945 |
| 06-314 | Kjarninn | 1,50 | 1506 | 520 |
| 06-316 | Þeba | 1,87 | 2008 | 610 |
| 06-317 | Jemen | 1,87 | 2008 | 610 |
| 06-318 | Fönix | 1,50 | 1506 | 520 |
| 06-319 | Dimma | 1,50 | 1506 | 520 |
| 06-320 | Kúlan | 1,50 | 1506 | 520 |

**06-3XX-1121 Yfirvinna félagsmiðstöðva**

Föst yfirvinna forstöðumanna sem og vegna sameiginlegra verkefna, útivakta, auka viðveru, ferðalaga og sameiginlegra viðburða í bænum, eins og 17. júní og tendrun á jólatré fyrir jólin.

**06-3XX-2061 Viðhaldsvörur tækja og áhalda.**

Rekstrarkostnaður vegna viðhalds á tækjum félagsmiðstöðva og kaupum á ýmsum áhöldum s.s. borðtennisspaða eða húsgagna.

**06-3XX-4011 Sími.**

Félagsmiðstöðin rekur tvo síma, annars vegar borðsíma hins vegar farsíma.

**06-3XX-4342 Aðkeypt þjónusta**.

Félagsmiðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í forvörnum. Kaupa þarf að fyrirlestrar fyrir unglingana. Miðað er við einn fyrirlestur á mán.

**06-3XX-4923 Námskeiðs- og skólagjöld**

Einu sinni á ári sækir starfsfólk félagsmiðstöðva aðalfund og námskeið samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS). Hér er færður kostnaði vegna gistingar, fæðis og námskeiðsgjalda.

**06-3XX-4924 Félagsgjöld.**

Allar félagsmiðstöðvarnar greiða árgjald í SAMFÉS.

## 06-410/411/412 Gjábakki, Gullsmári og Boðinn félagsheimili

Þann 1. maí 2011 færðist félagsstarf eldri borgara formlega yfir á frístunda- og forvarndeild frá Velferðarsviði. Með þeim breytingum lét deildarstjóri félagsstarfs af störfum. Í kjölfarið var samþykkt að starfandi yrðu forstöðumenn á hverjum stað og launabreytingar og aukning á stöðugildi fylgdu í kjölfarið. Með þessari breytingu færðist meira af daglegri stjórnun á þeirra hendur. Að öðru leiti er gert ráð fyrir álíka starfsemi og hefur verið undanfarin ár og lítið vitað um vísitöluþróun. Með álíka starfsemi er sérstaklega átt við að starfsemi áhugahópa og félagasamtaka verði svipuð og verið hefur, það er ein megin ástæða þeirrar fjölbreytni sem einkennir starfsemina.

Fjárhagsáætlun fyrir Boðann var unnin í fyrsta sinn árið 2011. Um marga óvissuþætti var að ræða. Starfsemin er sífellt að aukast og er fjárhagsáætlun 2012 raunáætlun miðað við stöðuna í dag.

Gjábakki og Gullsmári hafa undafarin ár skipt með sér einu 100% stöðugildi leiðbeinanda í handavinnu en gert er ráð fyrir að á árinu 2011 verði þessari 100% stöðu skipt á milli allra þriggja félagsheimilanna þ.e. Gjábakki og Gullsmári með 33% hvort og Boðinn með 33% (frá og með hausti 2012).

Gert er ráð fyrir að salir félagsheimilannaverði leigðir út undir hverskonar mannfagnaði líkt og salir hinna félagsheimilanna og með svipuðum hætti, á svipuðum kjörum. Einnig er gert ráð fyrir að Félag eldri borgara í Kópavogi, Íþróttafélagið Glóð, Söngvinir og áhugahópar greiði ekki fyrir afnot af notkun Boðans frekar en í hinum félagsheimlunum eru séu mannfagnaðir þeirra auglýstir opnir öllum, óháð félagsaðild.

## 06-350 Menningarhús Ungmenna

**06-350-1XXX Laun og launatengd gjöld**

Samtals 3,0 stöðugildi auk sumarafleysinga. 2.668 álagstímar. Yfirvinnutímar alls 1.330. Bifreiðahlunnindi greidd eftir akstursdagbók.

**05-350-2/4*** Vöru- og þjónustukaup**

Innkaup á fagbókum. Áskrift að tímaritum og dagblöðum. Pappír, blöð, málning, litir, ritföng, penslar o.fl. fyrir starfsemi hússins. Ýmislegt sem fellur til eins og skreytingarefni, rammar, hljóðfæri og innanskokksmunir. Kostnaður við kaup á veitingum og efni. Ýmis tæki eins myndavélar, rafhlöður, hljóðnemar og magnarar. Ýmis konar búnaður og tæki sem notuð eru í starfi hússins. Sendingar á búnaði og leigubílaferðir starfsmanna í þágu hússins. Fyrirlesarar, skemmtikraftar, kennarar, listamenn og önnur þjónustukaup. Prentun og

uppsetning miða og kynningarefnis auk ljósritunar. Starfsmannafræðsla. Aðildargjöld að samtökum og faglegum verkefnum.

## 06-351 Hábraut 2 – Sameiginlegt, ungmennahús og tónlistarsafn

**06-351-2/4*** Vöru- og þjónustukaup**

Viðhald á lyftu, ljósum, tölvuskáp og fleiru í húsinu. Tól og hreingerningarvörur. IP sími hússins og nettenging. Eftirlit með viðvörunar- og slökkvikerfi. Ræstingar samkvæmt verksamningi við BG Þjónustuna ehf. Sorphreinsun samkvæmt samningi við Gámaþjónustuna.

## 06- 420 Frístundaheimili fyrir fatlaða nemendur

**06-420-1110 Laun**

Við Frístundaheimilið eru 2.5 stöðugildi þar af forstöðumaður í 1.0 stöðugildi.

| Launafl. | Starfsmannafj. | Stöðugildi |
|---|---|---|
| Forstöðumaður | 1 | 1,0 |
| Almennur starfsmaður | 3 | 1,5 |

Gera þarf ráð fyrir sumarafleysingu, 1.0 stöðugildi í sex vikur vegna sumarnámskeiðs í framhaldi af skóla en frístundaheimilið er heilsársúrræði. Á árinu 2011 verður forstöðumaður í 0,5 stöðugildi. Þar sem 0,5 stöðugildi er fært inn í þjónustudeild fatlaðra v. yfirfærslu.

**06-420-0252 Daggjöld**

Innheimt eru daggjöld til forráðamanna sem taka mið af gjaldi í dægradvöl hverju sinni. Gert er ráð fyrir að allt að 8 börn nýti úrræðið hverju sinni. Þessi liður mun hækka ef börn frá öðrum sveitarfélögum nýta þessa þjónustu.

**06-420-1121 Yfirvinna**

Forstöðumaður er með 7,5 tíma í fasta yfirvinnu í mánuði eða 90 yfirvinnutíma á ári. Til viðbótar er gert ráð fyrir 180 yfirvinnutímum vegna lengri opnunar á starfsdögum skólanna og í skólafríum en þá er frístundaheimilið opið frá 8:00 til 16:00.

## 06-ÍH Íþróttahús

Í Kópavogi eru 8 íþróttahús sem bærinn á. Bæjarfélagið rekur 4 hús og íþróttafélögin reka 4 með rekstrarframlagi frá bænum.

**6-ÍH-030 Endurgreiðsluliðir:**

Allur kostnaður s.s. húsaleiga til eignarsjóðs og annar rekstur mannvirkisins er lagður saman. Til að finna kostnað á rekstrastund er deilt með fjölda rekstrastunda í heildarkostnaðinn. Deilt eftir notkun skóla, íþróttafélaga og almennings.

**6-ÍH-215 Vinnufatnaður.**

Reiknað með ca. 18 þús. pr. starfsmann.

**6-ÍH-418 Bifreiðakostnaður**

Samningsbundið vegna ferða utan aksturstíma almenningsvagna.

## 06- 511 Íþróttahús Kópavogsskóla

Tekjur/endurgreiðslur. Samtals 2437,5 rekstrarstundir.

**06-511-07 35 Leiga-skólar:**

Áætluð hlutdeild 1.365 klst 56%.

**06-511-0736 Leiga–íþróttafélög**:

Áætluð hlutdeild 936 klst 38%.

**06-511-0737 Leiga-ýmis félög:**

Áætluð hlutdeild 136,5 klst 6%.

**06-511-1110 Laun**

Stöðugildi í Íþróttahúsinu eru 2,5 Álagstímar 950 klst.

**06-511-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna 238 klst.

## 06-512 Íþróttahús Kársnesskóla

Tekjur/endurgreiðslur. Samtals 2535 rekstrarstundir.

**06-512-0735 Leiga-skólar:**

Áætluð hlutdeild 1.423,5 klst 56%.

**06-512-0736 Leiga–íþróttafélög:**

Áætluð hlutdeild 585 klst 23%.

**06-512-0737 Leiga-ýmis félög:**

Áætluð hlutdeild 526,5 klst 21%.

**06-512-1110 Laun**

Stöðugildi í Íþróttahúsinu eru 2,7 Álagstímar 1245 klst.

**06-512-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna 480 klst.

## 06-513 Íþróttahúsið Digranes

Rekstrarsamningur er í gildi á milli bæjarins og HK hefur nú nýlega verið endurnýjaður.

Tekjur/endurgreiðslur: Rekstrarstundir samtals 3400

**06-513-0735 Leiga - skólar:**

Áætluð hlutdeild 40%.

**06-513-0736 Leiga - íþróttafélög:**

Áætluð hlutdeild 60%.

**06-513-1110 Laun**

Einn starfsmaður Digraness er á launaskrá hjá Kópavogs samkvæmt fyrri samningum þar um frá 1992.

Stöðugildi í húsinu er 1.0

Álagstímar 698 klst.

**06-513-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna almennra starfsmanna 110 klst.

**06-513-2063 Tölvukostnaður**

Til hagræðingar og sparnaðar þjónar tölvudeild Kópavogsbæjar tölvukerfi Digranesi en þar er gert ráð fyrir nettengingu og tölvum. Sjá útreikninga tölvudeildar um kostnað við rekstur tölvu.

**06-513-9982 Rekstrarframlag**

Samkvæmt samningi bæjarins við íþróttafélagið greiðir bærinn mánaðarlegt rekstrarframlag vegna rekstrar íþróttahússins Digraness til Aðalstjórnar HK.

Rekstrarframlag breytist með hliðsjón af greiningu og endurskoðun samnings þar sem rekstur húss hefur verið skilinn frá rekstri íþróttafélagsins HK.

## 06-515 Íþróttahús Snælandsskóla

Samkomulag hefur verið gert við HK um nýtingu hússins fyrir æfingar á vegum félagsins. Einnig nýtir Snælandsskóla salinn fyrir sína starfsemi. Sá kostnaður sem fellur á bæinn nú vegna salarins er húsaleiga eignasjóðs, hiti, rafmagn og viðhald.

## 06-519 Íþróttahús Lindaskóla

Rekstrarstundir samtals 2.710,5

**06-519-0735 Leiga-skólar:**

Áætluð hlutdeild 55,4%.

**06-519-0736 Leiga-íþróttafélög:**

Áætluð hlutdeild 29,5%.

**06-519-0737 Leiga-ýmis félög:**

Áætluð hlutdeild 15,1%.

**06-519-1110 Laun**

Stöðugildi í Íþróttahúsinu eru 2,65, Álagstímar 1318 stundir.

**06-519-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna 642 klst.

## 06-520 Íþróttahús Smárinn

Rekstrarsamningur er í gildi á milli bæjarins og Breiðabliks hefur nú nýlega verið endurnýjaður.

Tekjur/endurgreiðslur: Rekstrarstundir samtals 3800

**06-520-0735 Leiga - skólar:**

Áætluð hlutdeild 23 %.

**06-520-0736 Leiga - íþróttafélög:**

Áætluð hlutdeild 77 %.

**06-520-2063 Tölvukostnaður**

Til hagræðingar og sparnaðar þjónar tölvudeild Kópavogsbæjar tölvukerfi Smárans en þar er gert ráð fyrir nettengingu og tölvum. Sjá útreikninga tölvudeildar um kostnað við rekstur tölvu.

**06-520-4963 Rekstur á lyftu**

Hér er áætlaður kostnaður vegna reksturs á lyftu í Smáranum og í tengibyggingu Fífunnar.

**06-520-9991 Rekstrarframlag**

Samkvæmt samningi bæjarins við íþróttafélagið greiðir bærinn mánaðarlegt rekstrarframlag vegna rekstrar íþróttahússins Smárans til Aðalstjórnar Breiðabliks. Rekstrarframlag breytist með hliðsjón af greiningu og endurskoðun samnings þar sem rekstur húss hefur verið skilinn frá rekstri íþróttafélagsins Breiðabliks.

## 06-521 Íþróttahús Versölum

Samstarfssamningur milli bæjarins og Gerplu um notkun, umsjón og þjónustu í íþróttahúsi og félagsaðstöðu
Rekstrarstundir samtals 3200

**06-521-0735 Leiga - skólar:**
Áætluð hlutdeild 24,0 %.

**06-521-0736 Leiga - íþróttafélög:**
Áætluð hlutdeild 76,0 %.

**06-521-2063 Tölvukostnaður**
Til hagræðingar og sparnaðar þjónar tölvudeild Kópavogsbæjar tölvukerfi Versala en þar er gert ráð fyrir nettengingu og tölvum. Sjá útreikninga tölvudeildar um kostnað við rekstur tölvu.

**06-521-9982 Rekstrarframlag**
Samkvæmt samningi bæjarins við félagið greiðir bærinn mánaðarlegt rekstrarframlag. Rekstrarframlag mun breytist með hliðsjón af greiningu og endurskoðun samninga til samræmis við HK og Breiðablik þar sem rekstur húss hefur verið skilinn frá hinum félagslega þætti í rekstri Gerplu.

## 06-522 Íþróttahúsið Fagrilundur

Rekstrarsamningur er í gildi á milli bæjarins og HK hefur nú nýlega verið endurnýjaður.
Rekstrarstundir 3200

**06-522-0735 Leiga - skólar:**
Áætluð hlutdeild 35%.

**06-522-0736 Leiga - íþróttafélög:**
Áætluð hlutdeild 65%.

**06-522-9991 Rekstrarframlag**
Samkvæmt samningi bæjarins við íþróttafélagið greiðir bærinn mánaðarlegt rekstrarframlag vegna rekstrar íþróttahússins í Fagralundi til Aðalstjórnar HK. Rekstrarframlag breytist með hliðsjón af greiningu og endurskoðun samnings þar sem rekstur húss hefur verið skilinn frá rekstri íþróttafélagsins HK.

## 06-551 Sundlaug Kópavogs

Rekstrarstundir laugarinnar eru samtals 4.300 á árinu.

**06-551-0257 Aðgangseyrir**
Gera má ráð fyrir fjölgun gesta í laugina á árinu 2012 frá árinu 2010 og 2011. Reiknað er með 460-470 þús gestum á árinu 2012.

**06-551-0340 Húsaleiga**
Á þennan lið eru færðar leigutekjur laugarinnar af líkamsræktarsal í kjallara hússins.

**06-551-0735 Reiknuð afnot skóla**
Hlutdeild skólanna í rekstrarkostnaði laugarinnar: Alls eru kenndar um 4.000 kennslustundir á vegum grunnskólanna á ári hverju á tímanum 8 - 15 alla virka daga í 9 mán. eða 1.365 rekstrarstundir í hvorri laug. Alls koma skólabörn á milli 45.000 - 50.000 skipti í sundkennslu á ári. Á skólatíma greiða skólarnir tæplega

70% af rekstrarkostnaðar laugarinnar en á ársgrundvelli gerir þetta um 22,2% af heildarrekstrarkostnaði laugarinnar.

**06-551-0736 Reiknuð afnot íþróttafélaga**

1000 rekstrarstundir í 1/4 laugar eða samtals 5,8% af kostnaði.

**06-551-1110 Laun**

Stöðugildi í Sundlaug Kópavogs eru 24,51. Álagstímar 20.167 klst.

**06-551-1121 Yfirvinna**

Föst yfirvinna yfirmanna, 3ja vaktstjóra og vegna rauðra daga er um 1.687 klst. Laus yfirvinna vegna skammtíma veikindaafleysinga, og annarra óvæntra áfalla er um 6.876 klst. eða samtals um 8.563 klst.

**06-551-1702 Bifreiðahlunnindi**

Samkvæmt samningum ber að greiða starfsmönnum vegna ferða utan ferða almenningsvagna snemma morguns og um helgar.

**06-551-1890 Launatengd gjöld**

Fleira ungt og nýtt fólk kallar á að fleiri fara í dýrari lífeyrissjóði, fjölskyldu og styrktarsjóðsgjald bætist við auk viðbótarsparnaðar.

**06-551-2111 Matvæli - mötuneyti**

Endursöluvörur - vsk-skyldar, (gjaldaliður á móti tekjulið 06 – 551 - 0451).

**06-551-2112 Vörukaup til endursölu**

Endursöluvörur – vsk-skyldar, (gjaldaliður á móti tekjulið 06 – 551 - 0452).

**06-551-2913 Vinnufatnaður**

Tryggja þarf góðan vinnufatnað þar sem laugarverðir þurfa að vera úti í öllum veðrum. Kjarasamningsbundin ákvæði.

**06-551-4923 Námskeiðs og skólagjöld**

Vegna lögbundinnar endurmenntunar starfsfólks á sviði öryggismála, ásamt ýmsum fleiri námskeiðum s.s. þrifanámskeið, samskiptanámskeið o.fl.

**06-551-4911 Prentun/kort**

Hér er áætlaður kostnaður við kaup á aðgangsmiðum fyrir árið 2011. Á móti þessum kostnaði koma tekjur vegna auglýsinga á miðunum (liður 06 – 551 - 0259).

**06-551-4939 Aðkeypt ræsting (vsk)**

Samningur við verktaka um þrif í lauginni eftir lokun mannvirkisins.

## 06-552 Sundlaug Versölum

Rekstrarstundir laugarinnar eru samtals 4.300 á árinu.

**06-552-0257 Aðgangseyrir**

Gera má ráð fyrir fjölgun gesta í laugina á árinu 2012 frá árinu 2010 og 2011. Reiknað er með 350-360 þús. gestum á árinu 2012. .

**06-552-0340 Húsaleiga**

Á þennan lið eru færðar leigutekjur laugarinnar af líkamsræktarsal.

**06-552-0735 Reiknuð afnot skóla**

Hlutdeild skólanna í rekstrarkostnaði laugarinnar: Alls eru kenndar um 4.000 kennslustundir á vegum grunnskólanna á ári hverju á tímanum 8 - 15 alla virka daga í 9 mán. eða 1.365 rekstrarstundir í hvorri laug. Alls koma skólabörn á milli 45.000 - 50.000 skipti í sundkennslu á ári. Á skólatíma greiða skólarnir tæplega 70% af rekstrarkostnaðar laugarinnar en á ársgrundvelli gerir þetta um 22,2% af heildarrekstrarkostnaði laugarinnar.

**06-552-0736 Reiknuð afnot íþróttafélaga**

1.000 rekstrarstundir í 1/4 laugar eða samtals 5,8% af kostnaði.

**06-552-1110 Laun**

Stöðugildi í Sundlauginni í Versölum eru 20,33 á ársgrundvelli.

Álagstímar 18.033 klst.

**06-552-1121 Yfirvinna**

Föst yfirvinna yfirmanna, vaktstjóra og vegna rauðra daga er um 1.035 klst. Laus yfirvinna vegna skammtímaveikinda og annarra ófyrirséðra áfalla er um 5.724 klst. eða samtals um 6.759 klst.

**06-552-1702 Bifreiðahlunnindi**

Samkvæmt samningum ber að greiða starfsmönnum vegna ferða utan ferða almenningsvagna.

**06-552-2111 Matvæli - mötuneyti**

Endursöluvörur - vsk-skyldar, gjaldaliður á móti tekjulið (liður 06 – 552 - 0451).

**06-552-2112 Vörukaup til endursölu**

Endursöluvörur – vsk-skyldar, gjaldaliður á móti tekjulið (liður 06 – 552 - 0452).

**06-552-2913 Vinnufatnaður**

Tryggja þarf góðan vinnufatnað þar sem laugarverðir þurfa að vera úti í öllum veðrum. Kjarasamningsbundin ákvæði.

**06-552-4923 Námskeiðs og skólagjöld**

Vegna lögbundinnar endurmenntunar starfsfólks á sviði öryggismála, ásamt ýmsum fleiri námskeiðum s.s. þrifanámskeið, samskiptanámskeið o.fl.

**06-552-4911 Prentun/kort**

Hér er áætlaður kostnaður við kaup á aðgangsmiðum fyrir árið 2009. Á móti þessum kostnaði koma tekjur vegna auglýsinga á miðunum (liður 06 – 552 - 0259).

**06-552-4939 Aðkeypt ræsting (vsk)**

Samningur við verktaka um lokaþrif í lauginni eftir lokun mannvirkisins.

## 06-590 Fífan Íþrótta- og sýningarhús

Helstu tekjuliðir eru húsaleiga íþróttafélaga, almennings og tekjur af sýningum og viðlíka viðburðum. Helstu gjaldaliðir eru launakostnaður, eignasjóður, rafmagn og hiti.

Tekjur/endurgreiðslur: Samtals 3.500 rekstrarstundir.

**06-590-0254 Leigutekjur**

Undir þennan lið falla ýmsar beinar leigutekjur af hópum og félögum sem leigja íþróttaaðstöðu í Fífunni. Áætlaðar leigutekjur eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt: Meðalverð á tíma er kr. 27.000,- , gert er ráð fyrir 25 tímum í útleigu í 30 vikur yfir vetrartímann.

**06-590-0736 Reiknuð afnot íþróttafélög**

Áætlaðar leigutekjur eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt: Gert er ráð fyrir 46 tímum í útleigu í 50 vikur á ári.

**06-590-2061 Viðhaldsvörur tækja og áhalda**

Halda þarf við og endurnýja búnað í mannvirkinu svo sem gervigras, mörk o.fl. til að tryggja leigutekjur.

**06-590-9991 Rekstrarframlag**

Samkvæmt samningi bæjarins við íþróttafélagið greiðir bærinn mánaðarlegt rekstrarframlag vegna rekstrar Fífunnar til Aðalstjórnar Breiðabliks. Rekstrarframlag breytist með hliðsjón af greiningu og endurskoðun samnings þar sem rekstur húss hefur verið skilinn frá rekstri íþróttafélagsins Breiðabliks.

## 06-591 Kórinn íþróttahús og knattspyrnuhöll

Tekjuliðir eru húsaleiga íþróttafélaga og almennings sem og tekjur. Helstu gjaldaliðir eru launakostnaður, eignasjóður, rafmagn og hiti.

**06-591-0XXX Tekjur**

Tekjur/endurgreiðslur. Samtals 3.800 rekstrarstundir.

Verð á klst. í útleigu á Knatthúsinu í Kórnum fyrir fullan völl á kjörtíma er kr. 36.000,-

**06-591-0257 Leigutekjur**

Undir þennan lið falla ýmsar beinar leigutekjur af hópum, félögum og KSÍ sem leigja íþróttaaðstöðuna. Einnig eru leigðir út tímar í íþróttahúsi Kórsins frá kl 20 til 22 á kvöldin í miðri viku 30-33 vikur á vetri. Áætlaðar leigutekjur eru kr. 25.000.000,-.

**06-519-0735 Leiga-skólar:**

Áætluð hlutdeild 13,42%.

**06-519-0736 Leiga-íþróttafélög:**

Áætluð hlutdeild 81,95%.

**06-519-0737 Leiga-ýmis félög:**

Áætluð hlutdeild 4,63%.

**06-519-1110 Laun**

Stöðugildi í Íþróttahúsinu eru 6,99. Álagstímar 5.869 stundir.

**06-519-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna 2.082 klst.

**06-591-2061 Viðhaldsvörur tækja og áhalda**

Halda þarf við og endurnýja búnað í mannvirkinu svo sem gervigras, mörk o.fl. til að tryggja leigutekjur.

## 06-612 Kópavogsvöllur

Undir rekstrareininguna Kópavogsvöllur falla öll gras-, malar- og gervigrasæfingasvæði, sem nýtt eru undir knattspyrnuæfingar í Kópavogi. Einnig frjálsíþróttaaðstaða á Kópavogsvelli. Þá fellur viðhald marka á sparkvöllum um bæinn undir þennan gjaldalið. Þar vegur launakostnaður mest svo og viðhald og rekstur tækja.

**06-612-0736 Reiknuð afnot íþróttafélög**

Allur kostnaður við rekstur vallana er færður sem styrkur til íþróttafélaganna.

**06-612-1110 Laun**

Síðast liðin 4 ár hefur 1/3 sumarvinnunnar á knattspyrnuvallarsvæðum bæjarins verið færður á gjaldalið atvinnuátaksverkefna sem vistað er undir framkvæmdasviði. Vegna vakta í nýrri stúku vallarins yfir vetrartímann eru álagstímar 1.300 klst

**06-612-1121 Yfirvinna**

Föst yfirvinna forstöðumanns sem og laus yfirvinna almennra starfsmanna vegna vakta og tilfallandi verkefna yfir sumartímann þegar fram fara leikir á aðalleikvanginum og fleira eru samtals 3.419 klst

**06-612-2061 Viðhald áhalda og tækja**

Allt venjulegt viðhald á tækjum og vélum s.s. sláttuvélum, mörkum og er fært á þennan lið.

**06-612-2065 Viðhald íþrótta- og sparkvalla**

Allt venjulegt viðhald s.s. söndun, áburðargjöf, yfirsáning, þökulagning, málningarvinna og önnur þau verk er falla til færast á þennan lið. Þar að auki er allt viðhald marka á skólalóðum og sparkvöllum í bænum og körfuboltaspjalda fært á þennan lið.

## 06-613 Vallargerðisvöllur

Lítil starfsemi. Almennt viðhald vallarins svo sem að slóðadraga, jöfnun og flutningur vallarblöndu.

## 06-616 Fagrilundur

Undir þennan lið fellur rekstur á vallarsvæðum í Fagralundi .

**06-616-2990 Önnur vörukaup**

Allt venjulegt viðhald s.s. söndun, áburðargjöf, yfirsáning, þökulagningu, málningarvinna og önnur þau verk er falla til við vallarsvæði Fagralundar færast á þennan lið.

## 06-617 Vellir Kór / Salir.

Undir þennan lið fellur rekstur á vallarsvæðum í Versölum og Kórnum.

**06-617-2065 Viðhald íþrótta- og sparkvalla**

Allt venjulegt viðhald s.s. söndun, áburðargjöf og yfirsáning, vallarsvæðanna í Kór og Versölum færast á þennan lið.

## 06-619 Sparkvellir / Gervigras

Samningur er í gildi milli bæjarins og Metatron ehf. um kaup á þjónustu frá fyrirtækinu vegna viðhalds og eftirlits með öllum gervigrasvöllum bæjarins.

## 06-651 Skíðaskáli í Bláfjöllum

Samningur er í gildi milli bæjarsjóðs og skíðadeildar Breiðabliks um rekstur skálans sem gengur út á að bærinn greiði ákveðna rekstrarliði svo sem rafmagnskostnað. Einnig 60% viðhaldskostnaðar og fasteignagjöld. Forstöðumaður er á launum við skíðaskálann.

**06-651-1110 Laun**

Stöðugildi 1.0

**06-651-1121 Yfirvinna**

Yfirvinna 480 klst.

**06-651-1702 Bifreiðahlunnindi**

12.000 km. á árinu.

**06-651-1191 Nefndarlaun**

Laun eins nefndarmanns, áætlaðir 9 fundir á árinu

**06-651-2061** Viðhaldsvörur tækja og áhalda

Áralöng hefð er fyrir því að bæjarfélagið endurnýji áhöld og búnað sem eru til sameiginlegra nota fyrir íþróttafólk á svæðinu.

## 06-711 17. júní

Þessi dagur er einn dýrasti dagur ársins er varðar kaup á þjónustu s.s. skemmtikraftar, leiktæki, hljóðkerfi, svið og auglýsingar. Hátíðarhöldin standa frá morgni til kvölds á nokkrum stöðum í bænum. Ýmis frjáls félagasamtök og íþróttafélög koma að hátíðarhöldunum með umsjón á ákveðnum verkefnum og fá þau greitt fyrir sitt framlag. Einnig gert ráð fyrir vinnuframlagi og nýtingu tækja frá áhaldahúsi bæjarins.

## 06-712 Sumarhátíð

Skátafélagið Kópar heldur utan um framkvæmd og skipulagningu á sumardeginum fyrsta og fær fyrir það greidda ákveðna þóknun. Einnig kostnaður við leigu á húsnæði, hljóðkerfi og auglýsingar.

## 06-713 Jól og Áramót

Breiðablik, HSSK og HK halda utan um framkvæmd á ármótabrennu og flugeldasýningu. Samningur til staðar við HSSK um flugeldasýninguna. Samningar við Orkuveituna um uppsetningu á skreytingum víðs vegar um bæinn. Kostnaður vegna tendrunar á ljósum vinabæjarjólatrés.

## 06 -811 Ýmis félög – framlög og styrkir

**06-811-9902 Starfsstyrkir Tómstundafélaga**

Starfsstyrkir til tómstundafélaganna til að reka sitt félagsstarf. Hér er gert ráð fyrir að tekið verði ákveðið fé til að úthluta tómstundafélögunum vegna unglingastarfs.

**06-811-9926 Landsmót SAMFÉS**

Þátttaka félagsmiðstöðvana í Kópavogi á Landsmóti SAMFÉS 2011

**06-811-9989 Annað**

Framlag til að standa straum af endurnýjun samninga við tómstunda- og íþróttafélög til samræmis við nýgerða samninga bæjarins og tveggja stærstu íþróttafélaganna.

## 06-821 Ýmis íþróttafélög – framlög og styrkir

**06-821-9901 Starfsstyrkir íþróttafélaga**

Starfsstyrkir til íþróttafélaganna hækka 6%

**06-821-9913 Breiðablik Skíðadeild**

Styrkur til Skíðadeildar Breiðabliks er vegna leigu af aðstöðu til skíðaiðkunar í Bláfjöllum.

**06-821-9919 Gustur v/reiðskóla**

Undanfarin ár hefur rekstur reiðskóla á vegum Hestamannafélagsins verið styrktur og æskilegt er að halda því áfram.

**06-821-9925 Golfklúbbur GKG**

Er vegna sumarstarfs GKG og þeirra starfsmanna sem bærinn lætur klúbbnum í té vegna sumarnámskeiða fyrir börn í bænum.

**06-821-9928 Niðurgreiðslur æfingagjalda**

Bærinn styrkir foreldra til þess að auka íþróttaiðkun barna og unglinga í bænum sem er stór þáttur í forvörnum. Styrkurinn er kr. 12.000,- ef barn æfir eina grein. Mest er greitt vegna tveggja greina á einstakling fyrir starfsárið 2011-12.

**06-821-9938 Styrkir vegna sumarnámskeiða**

Fellur niður en framlagið færist yfir á „lið 9928 Niðurgreiðsluliðinn".

**06-821-9970 Reiknuð afnot íþróttafélaga vegna íþróttamannvirkja**

Hér er safnað saman í einn lið framlögum vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum bæjarins. Þetta er gjaldaliður á móti tekjuliðunum "reiknuð afnot íþróttafélaga 06 – xxx – 0736". Um er að ræða hlutfallsreikning sem breytist í samræmi við kostnað við rekstur mannvirkjanna og skiptingu hans milli skóla, almennings og íþróttafélaga.

**06-821-9971 Reiknuð afnot almennings**

Hér er safnað saman í einn lið styrkjum til almennings vegna afnota af mannvirkjum bæjarins. Þetta er gjaldaliður á móti tekjuliðunum "reiknuð afnot ýmissa félaga 06 – xxx – 0737". (Sjá 06-821-9970)

## 06-831 Ýmis frjáls félög - framlög og styrkir

Framlag til félagslegrar starfsemi íþróttafélaga – það er til rekstrar skrifstofu og þjónustu félagsins við bæjarbúa.

**06-831-9911 Gerpla – aðalstjórn**

Með endurskoðun á rekstrarsamningum bæjarins og Gerplu, sem nú er í vinnslu, er leitast við að skilja rekstur íþróttamannvirkja frá hinu félagslega framlagi í rekstri félaganna.

Framlag til rekstrar skrifstofu og félagsstarfs er fært undir þennan lið.

Með framlagi þessu er íþróttafélögunum gert kleift að reka skrifstofu og framkvæmdastjóra á sínum vegum svo eitthvað sé nefnt. Framlag umfram hefðbundinn rekstur íþróttamannvirkjanna og nýtist viðkomandi íþróttafélagi. Upphæð framlags byggir á flokkun íþróttafélaganna eftir stærð og fjölda deilda innan þeirra vébanda sem og iðkendafjölda í hverri deild.

**06-831-9912 Breiðablik - aðalstjórn**

Með nýjum þjónustusamningi milli bæjarins og Breiðabliks er rekstur íþróttamannvirkja sem rekinn er af félagsinu (Smáranum og Fífunni) skilinn frá hinni félagslega starfsemi þess.

Félagslegt rekstrarframlag er fært undir þennan lið

Með framlagi þessu er íþróttafélögunum gert kleift að reka skrifstofu og framkvæmdastjóra á sínum vegum svo eitthvað sé nefnt. Framlag umfram hefðbundinn rekstur íþróttamannvirkjanna og nýtist viðkomandi íþróttafélagi. Upphæð framlags byggir á flokkun íþróttafélaganna eftir stærð og fjölda deilda innan þeirra vébanda sem og iðkendafjölda í hverri deild.

**06-831-06-831-9915 Siglingafélagið Ýmir**

Rekstrarstyrkur vegna aðstöðu félagsins í nýrri aðstöðu í Vesturvör. Var áður fært undir gjaldaliðnum 06-295-9991 „Aðrir styrkir og framlög"

**06-831-9917 Handknattleiksfélag Kópavogs - aðalstjórn**

Með nýjum þjónustusamningi milli bæjarins og HK er rekstur íþróttamannvirkja sem rekinn er af félagsinu (Digranesi og Fagralundi) skilinn frá hinni félagslega starfsemi þess.

Félagslegt rekstrarframlag er fært undir þennan lið

Með framlagi þessu er íþróttafélögunum gert kleift að rekaa skrifstofu og framkvæmdastjóra á sínum vegum svo eitthvað sé nefnt. Framlag umfram hefðbundinn rekstur íþróttamannvirkjanna og nýtist viðkomandi íþróttafélagi. Upphæð framlags byggir á flokkun íþróttafélaganna eftir stærð og fjölda deilda innan þeirra vébanda sem og iðkendafjölda í hverri deild.

**06-831-9919 Gustur**

Rekstrarstyrkur til Hestamannafélagsins Gusts vegna félagsaðstöðu í Glaðheimum.

**06-831-9922 Dansíþróttafélag Kópavogs**

Framlag til að standa straum af húsaleigu fyrir DÍK að Auðbrekku 17.

**06-831-9927 Skátafélagið Kópar rekstrarstyrkur**

Félagið rekur eitt skátaheimili og tvo skátaskála fyrir félagsmenn sína.

**06-821-9929 Tennisfélag Kópavogs**

Samningur hefur verið gerður við Tennisfélag Kópavogs (TFK) vegna kaupa á tímum fyrir félagið í Tennishöllinni í Kópavogsdal.

**06-831-9930 Hjálparsveit Skáta rekstrarstyrkur**

Rekstrarstyrkur til Hjálparsveitar skáta í Kópavogi vegna kynningarverkefna sbr. rekstrar- og samstarfssamnings við félagið.

## 07 Brunamál og almannavarnir

07-401-9695 Hér er færð hlutdeild Kópavogsbæjar í SHS bs og Almannavörnum höfuðborgarsvæðisins

## 08 Hreinlætismál

**08-11** **Heilbrigðiseftirlit**

Hér eru færðar tekjur vegna innheimtu á heilbrigðiseftirlitsgjaldi og þátttaka Kópavogsbæjar í starfsemi Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Álftaness

**08-211** **Sorphreinsun**

Hér er færður kostnaður við sorphreinsun í sveitarfélaginu, en útboð á henni var á árinu 2011. Ráðgert er að taka í notkun 2ja tunnu kerfi í öllum bæjarhlutum haustið 2012. Vegna þess verður farið í EES-útboð á sorptunnum nú á næstu vikum. Hækkun á sorphirðugjaldi er vegna hækkunar á kostnaði Sorpu og hækkun á sorphreinsun. Einnig er hluti af hækkuninni vegna tunnukaupanna, en kaupverðinu er dreift á næstu ár.

Gert er ráð fyrir að taka upp „tunna í tunnu" kerfið síðar, væntanlega 2014, en það gengur út á að bæta þriðju tunnunni við fyrir lífrænan úrgang.

Inni í þessum lið er einnig að finna kostnað við söfnun úrgangs frá íbúum við árlega lóðahreinsun þeirra

**08-231** **Sorpeyðing**

Kostnaður við sorpeyðingu hjá SORPU bs auk hlutdeild bæjarins í rekstri gámastöðva

**08-232** **Geymslusvæði Kapalhrauni**

Kostnaður við leigusamning um geymslusvæði í Kapalhrauni

**08-511-** **Meindýraeyðing**

## 09 Skipulags og byggingarmál

**09-011** **Tæknideild**

Allur kostnaður er færður á deild 011

**09-011** **1191 nefnda og stjórnarlaun**

Miðað er við 17 fundum hjá Framkvæmdaráði, 17 fundum hjá Skipulags- og byggingarnefnd og 15 fundum hjá Umhverfis- og samgöngunefnd

## 10 Umferðar- og samgöngumál

**10-011** **Frumathugun/hönnun/þjónusta**
**10-311** **Viðhald gatna**
**10-411** **Viðhald gangbrauta og stíga**
**10-412** **Hraðahindranir**
**10-442** **Hamraborg bílastæði**
**10-443** **Undirgöng**
**10-444** **Bílastæði Hábraut 4 og 1A**
**10-531** **Merking gangbrauta og gatna**
**10-581** **Umferðarljós**
**10-591** **Götulýsing**
**10-611** **Snjómokstur og hálkueyðing**
**10-711** **Almenningssamgöngur**
**10-899** **Ýmis smáverk**

## 11 Umhverfismál

**11-311** **Bláfjöll/Reykjanesfólkvangur**

**11-311-1191** **Nefndarlaun.**
Gert er ráð fyrir launum nefndarmanns á 9 fundum.

## 13 Atvinnumál

Hér eru færð laun og annar kostnaður vegna atvinnuátaks fyrir bæði ungmenni og atvinnuleitendur. Þarna eru einnig færðar endurgreiðslur vinnumálastofnunar vegna atvinnuleitenda og sérstakra átaksverkefna.

# 21 Sameiginlegur kostnaður

Á árinu 2011 voru gerðar nokkrar breytingar á skipulagi bæjarins sem leiddu af sér að aukin verkefni fluttust til stjórnsýslusviðs og einhver kostnaður með. Einnig bætti yfirfærsla á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, nokkuð við rekstur og umsvif sviðsins. Í upphafi árs var breytt uppröðun á bókhaldslyklum þannig að hægara sé að aðgreina liði sem teljast til sameiginlegs kostnaðar sem snertir allt sveitarfélagið frá liðum sem falla undir sjálft stjórnsýslusviðið. Undir stjórnsýslusvið falla deildir 21-400 til 21-460.
Yfirumsjón með menningarstofnunum bæjarins, sem bókast á mfl. 05 menningarsvið, var í upphafi árs færð á stjórnsýslusviðið til fulltrúa almannatengsla. Skipulagsbreytingar hjá húsnæðisnefnd leiddu til að fjármálaumsýsla hennar, þ.e. bókhald, innheimta og greiðsla reikninga, færðist yfir til fjármáladeildar.
Samkvæmt áætlun er málaflokkurinn að hækka um 108 m.kr. frá upphaflegri áætlun 2011 en um 43 m.kr. frá útkomuspá 2011. Stærsti munurinn á milli upphaflegrar áætlunar og útkomuspár liggur í því að hagræðing vegna skipulagsbreytinga var færð á þennan lið þó hluti af hagræðingunni væri á öðrum sviðum. Sé stjórnsýslusviðið skoðað sérstaklega, þá er hækkunin þar tæpar 16,6 m.kr. frá útkomuspá 2011 eða um rúmlega 5%.
Skýringin á hækkun kostnaðar stjórnsýslusviðsins liggur fyrst og fremst í kjarasamningum en einnig að einhverju leiti í auknum umsvifum starfsmannadeildar, en fyrirhugað er að ráða í hálft stöðugildi hjá launadeild og eitt stöðugildi á starfsmannadeild. Einnig mun fjölga í fjármáladeild, en fyrirhugaðar breytingar á endurskoðun munu draga úr aðkeyptum sérfræðikostnaði. Þá hækkar rekstrarkostnaður UT-deildar m.a. vegna endurnýjunar á afritunarbúnaði, uppsetningu vefja fyrir stofnanir bæjarins og innleiðinu á íbúagátt.
Stærsti hækkunarliðurinn í sameiginlega kostnaðinum er hins vegar framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, en framlagið þangað er aukið vegna kjarasamninga sem og að rekstur sjóðsins er dýrari en áætlað hafði verið. Til lækkunar kemur hinsvegar innri leiga af ónotuðu húsnæði, en á árinu var t.d. eignin að Skjólbraut tekin undir sambýli fyrir fatlaða, Ástún 6 fer út, Fannborg 3-5 fer á bókasafnið og mæðrastyrksnefnd og húsnæðið Fannborg 6 er öll skráð í notkun.
Á stjórnsýslusviði er gert ráð fyrir 53 manns í 48,03 stöðugildum og skiptast þau þannig:

**Bæjarskrifstofa**
19 starfsmenn, 17,80 stöðugildi.
**Fjármáladeild**
13 starfsmenn, 11,23 stöðugildi.
**Tölvudeild**
7 starfsmenn, 6,5 stöðugildi.
**Lögfræðideild**
2 starfsmenn, 2 stöðugildi.
**Starfsmannadeild**
10 starfsmenn, 8,5 stöðugildi.
**Gæðamál**
1 starfsmaður, 1 stöðugildi
**Almannatengsl**
1 starfsmaður, 1 stöðugildi

# 28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Eftirfarandi forsendur eru notaðar:

28-014+015 Vaxtatekjur

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Lang stærsti liðurinn er reiknaðar vaxtatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins, en sá liður gerir kr. 2.149 milljónir. Þessi tala, ásamt verðbótum af því fé sem bundið er í eignunum er reiknað samkvæmt opinberum reglum og myndar grunn að innri leigu stofnana bæjarins.
Við útreikninginn er miðað við að verðbólga verði 3,0% frá upphafi til loka árs og að viðmiðunarvextir séu 4,5%.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2011 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn og útflæði á þessum lið.

28-020 Tekjur af eignahlutum

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Brunabótarfélaginu.

28-117 Vaxta- og verðbótagjöld

Hér er notast við sömu verðbólgutöflu og í tekjuhlutanum. Búið er að reikna inn nýjar lántökur sem ganga í gegn í lok árs 2011. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum á árinu nema þá í tengslum við kaup á félagslegum leiguíbúðum.
Í þessari áætlun er horft framhjá gengismuni, en áætlað að vegin gengisvísitala ársins 2012 verði svipuð og hún var í lok september 2011, en gjaldeyrislán eru reiknuð miðað við það gengi.

# 33 Áhaldahús

# 35 Tónlistarhús/Salurinn

**35-500 Salurinn**

**0259 Aðrar tekjur**
Eru áætlaðar kr. 1.500kr., en þær koma frá styrktaraðila Salarins.
**0340 Húsaleiga**
Hér er um að ræða væntar tekjur vegna ráðstefna og annarar húsaleigu
**0454 Seldar veitingar**
Einkum kaffi, léttvín, bjór og sælgæti sem selt er í veitingasölu.
**Laun og launatengd gjöld**
Samtals 4 stöðugildi.
**2112 Vörukaup til endursölu**
Einkum kaffi, léttvín, bjór og sælgæti sem selt er í veitingasölu.
**2911 Hreinlætisvörur**
Önnur efni en þau sem notuð eru til ræstingar, t.d. handsápur og þurrkur.
**2990 Önnur vörukaup**
Ýmis konar búnaður og tæki sem notuð eru í starfi hússins.
**4342 Aðkeypt þjónusta**
Aðallega kostnaður við sölu hjá midi.is.
**4911 Prentun og ljósritun**
Aðallega vegna sýningarskráa.

# 41 Kópavogshafnir

**41-101 Hafnir**

**41-101-1191 Nefndarlaun.**
Gert er ráð fyrir 8 fundum hafnarstjórnar á árinu.

# 43 Vatnsveita

# 47 Fráveita

# 57 Húsnæðisnefnd Kópavogs

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavog er gert ráð fyrir 5,4% hækkun húsaleigu milli áranna 2011 og 2012 en það er áætluð hækkun á vísitölu neysluverðs frá því leigan var reiknuð á síðast.
Samkvæmt viðmiði Íbúðalánasjóðs um útreikning á húsaleigu á félagslegum leiguíbúðum er gert ráð fyrir að 58,01% leigunnar standi undir greiðslu vaxta og afborgana, 13,12% undir fasteigna- og brunabótaiðgjaldi og 28,87% standi undir viðhaldi íbúðar og sameignar.
Vegna fjárhagslegs óstöðugleika undanfarin ár hefur heldur riðlast í þessum hlutföllum en unnið er að því að þau leiðréttist á næstu árum.

# 71 Byggingarsjóður MK

Hér er færður kostnaður vegna innri leigu af eignarhluta bæjarins í húsnæði Menntaskólans í Kópavogi.